

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Hafursstaðir, Hafursstaðakot, Kambakot og Kjalarland



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2012/124

Forsíðumynd: Varða í Hafursstaðalandi



© Bryndís Zoëga og Guðmundur Stefán Sigurðarson
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2012/124

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
HAFURSSTAÐIR/HAFURSSTAÐAKOT-SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING.....	10
HAFURSSTAÐAKOT	32
KAMBAKOT-SÖGUÁGRIP	37
FORNLEIFASKRÁ	39
KJALARLAND-SÖGUÁGRIP	48
FORNLEIFASKRÁNING.....	50
SAMANTEKT	67
MINJAR Í LANDI HAFURSSTAÐA OG HAFURSSTAÐAKOTS	67
MINJAR Í LANDI KAMBAKOTS.....	69
MINJAR Í LANDI KJALARLANDS.....	69
ÁHUGAVERÐAR MINJAR TIL RANNSÓKNA	70
NIÐURLAG.....	71
HEIMILDASKRÁ	72

Inngangur

Haustið 2011 lauk fjórða áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna: Hafursstaða, Kambakots og Kjalarlands. Auk þeirra voru í þessum áfanga skráðar jarðirnar Skúfur, Kirkjubær, Neðstibær, Skrapatunga, Balaskarð, Sæunnarstaðir, Vakurstaðir, Bergstaðir, Bláland og Hvammkot.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsen frá 1847.

Heimilda og undirbúningsvinna auk skýrsluskrifa var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings en vettvangsvinna var unnin af Bryndísi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð. Heimildamenn voru Jóhann Ásgeirsson bóndi í Kambakoti og Jónmundur Ólafsson fyrrum bóndi í Kambakoti. Sigþór Hólm Þórarinsson eigandi Hafursstaða. Þröstur Línal Gylfason og Magnús Línal Þrastarson á Kjalarlandi.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhusa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Hafursstöðum númerið 1 (auðkennt Hafursstaðir - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Hafursstaði - 1, 13292.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Hafursstaðir/Hafursstaðakot-söguágrip



Mynd 1. Horft heim að bæ á Hafursstöðum, til ANA.

Hafursstaða er fyrst getið í máldaga Höskuldsstaðkirkju (Auðunarmáldaga) frá 1318 þar sem sagt er að prestur skuli árlega syngja 25 messur á Hafursstöðum.¹ Árið 1461 segir að á Hafursstöðum sé fjórðungskirkja „öll niðri“.² Í jarðabók frá 1708 er getið um tóft við bæinn sem nefnd er bænhústótt³ en miðað við að prestar hafi átt að messa 25 sinnum á Hafursstöðum ár hvert er líklega um alkirkju eða hálfkirkju að ræða þó í bænhúsa og hálfkirkjutali frá 1461 sé hún sögð fjórðungskirkja.

Árið 1520 eru Hafursstaðir nefndir í testamentisbréfi (þar ritað Hafstaðir) Gottskálks Nikulássonar biskups á Hólum yfir þær jarðir er komið höfðu undir Hólastól í hans tíð. Þar er jörðin metin á 40 hundruð og 5,5 kúgildi og landskuld sögð kúgildi og 1 hundrað.⁴ Í Sigurðarregistri frá 1525 eru Hafstaðir taldir með Hólajörðum.⁵ Í kaupbréfi frá 1527 er hún metin á 50 hundruð en sögð 40 hundruð að forngildu.⁶ Jörðin er í bændaeign 1542 en þá er hennar getið í kaupmálabréfi Guðmundar Skúlasonar og Guðnýjar Brandsdóttur.⁷

¹ Íslenzkt Fornbréfasafn II, 470.

² Íslenzkt Fornbréfasafn V, 354.

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 442.

⁴ Íslenzkt Fornbréfasafn VIII, 730.

⁵ Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 302.

⁶ Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 425.

⁷ Íslenzkt Fornbréfasafn XI, 162.

Til er vitnisburður um landamerki Hafstaða á Skagaströnd frá árinu 1520.⁸ Hlutar bréfsins hafa þó verið ólæsilegir og því ekki um fullkomna lýsingu að ræða.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Hafursstaðir	1686 ⁹	Bændaeign	50	2,5	-
Hafursstaðir	1696 ¹⁰	Bændaeign	50	2,5	8
Hafursstaðir	1708 ¹¹	Bændaeign-eigendur 3	30 (10/15/5)	-	-
Hafursstaðir	1847 ¹²	Bændaeign	30	2	7
Hafursstaðir m. hjáleigum	1861 ¹³	-	29,9	-	-

Jörðinni var skipt upp í þrjá bæi en auk Hafursstaða eru hjáleigurnar Kambakot og Hafursstaðakot og um það segir í jarðabók: „Þessari jörðu er sundur skift í þrjá sundurlausa bæi, standa tveir innan garða, hinn þriðji í úthögum; er einasta skift túni og engjum með þessum býlum, en úthögum og öðrum hlunnindum óskift.“¹⁴ Hafursstaðakot sem er komið í eyði er hér skráð með Hafursstöðum en Kambakot er skráð sér enda jörðin í byggð.

Óvíst er hvenær hjáleigurnar byggðust en Kambakots er fyrst getið í manntali 1703¹⁵ en Hafursstaðakots í jarðabók frá 1708.¹⁶

Árið 1708 var Hafursstaðakot metið á 10 hundruð, landskuld var 40 álnir og leigukúgildi 2.¹⁷ Í sóknalýsingu frá 1873 er sagt að Hafursstaðakot hafi löngum verið í eyði og getur prestur þess að það hafi síðast byggst upp fyrir tveimur árum.

Ábúð

Ábúendur á heimajörðinni voru flestir árið 1870 en þá eru 17 skráðir til heimilis en 13 á kotinu þegar flest var árið 1855.¹⁸

Um jörðina í heild er sagt að sölvaðjara hafi áður verið að góðu gagni og var í skiptum fyrir engjatak í Hallárdal (sjá einnig DI VIII, 751) sem nefnt var mánaðarteigur.¹⁹ Í sóknalýsingu frá 1873 segir að engjatak Hafursstaða hafi verið við Haukagil í landi Sæunnarstaða gegn

⁸ Íslenskt Fornbréfasafn VIII, 751.

⁹ Björn Lárusson, 240.

¹⁰ Björn Lárusson, 240.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 442-43.

¹² Jarðatal á Íslandi, 246.

¹³ Ný jarðabók, 91.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 442.

¹⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 3. janúar 2012.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 443.

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 443.

¹⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 3. janúar 2012.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 444.

sölvatekju en nú sé Hafursstaðabændum neitað um ítakið vegna þess að sölvatekja er engin.²⁰ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Túninu spillir til stórskaða á heimajörðunni og kotinu sem í túninu stendur, óbærilegur átroðningur af ferðafólki því, sem sækir Spákonufellshöfðakaupstað, sem reka sínar lestir oftlega um túnið og spilla grasi og gjöra nýjar götur, og kunna ábúendur ekki að varða við þessum skaða. Engjar eru bæði litlar og snöggvar og valla teljandi til stórra gagnsmuna. Heimræði er hjer einasta um hásumar, og lending ein og þó slæm fyrir landi; hjer gengur stundum um sumar bátur, oft enginn, og er gagnsemd á þessu heimræði svipul mjög.“²¹

Í fasteignamati 1916-1918 er túni á Hafursstöðum svo lýst: „Túnið er talið 16 dagsl. Það er í meðallagi grasgefið, en sumt í slæmri rækt. Talsvert slétt í því, hitt þýft og greiðfært. Liggur ekki við útgræðslu. Girt með 3 og 4 þætri gaddavírgirðinga 600 fðm. langri, að nokkru gamall torfgarður undir. [...] Engar neðra litlar og reitingslegar, á dreif um bithaga. Blautur flói neðra og mýrarsund ofan bæjar. Hey fremur létt, en ekki óholl. [...] En auk þessa engis á jörðin talsvert engja- og beitoland á svokölluðum Brunnárdal – flóa og stararengi – grasgefið, en mjög langt á það og vegur afar örðugur og slæmur, enda ómögulegt að verja fyrir afréttarfénaði. Stutt leið á heimaengið, en vegur seinfarinn. Engjar ógirtar.“²²

Í fasteignamati 1916-1918 er túni á Hafursstaðakoti svo lýst: „Túnið er talið 8 dagsl. Það er í sæmilegri rækt og grasgefið. Um 1/3 hluti þess slétt, hitt þýft eða greiðfært. Liggur ekki illa við nokkurri útgræðslu. Girt, að nokkru með grjót- og torfgarði og gaddavír. Engjar eru litlar, nokkrar í blautum, þýfðum flói, vestur frá túni og mýrarheiðar, grasgóðar, en snöggslægjar neðanvert við Ytri-eyjarmýri. Af engjum þessum má ætla að fáist altað 120 hb, af léttu, en ekki óhollu föðri. Jörðin á nokkurt engjatak á svokölluðum Brunnárdal, -en langt og örðugt er að ná til þess, enda óverjandi fyrir ágangi afréttarfénaði. Áveita engin. Engjar óvéltækar. Stutt á heimaengjar og vegur ekki slæmur. Engjar ógirtar.“²³


Jarðirnar eru í heimildum ýmist nefndar Hafstaðir/Hafstaðakot, Hafsstaðir/Hafsstaðakot og Hafursstaðir og Hafursstaðakot.

²⁰ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, 145.

²¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 444.

²² Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262.

²³ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262.




Mynd 2. Á myndinni er túnakort frá 1920 lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Höfundur kortsins er Ágúst B. Jónsson. Á kortinu má sjá þau hús sem voru í Kambakoti upp úr aldamótum 1900. Bærinn er merktur nr. 1, fjós nr. 2 og matjurtagarður nr. 3. Skemma var fram á hlaði nr. 4, fjárhús nr. 5 og heimreiðin til norðurs nr. 57 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Hafursstaða).

Fornleifaskráning



Mynd 3. Horft er til NV yfir gamla bæjarstæðið sem liggur undir Brekkunni og yfir að bæjarhúsum norðan Harrastaðaár.



Hafursstaðir-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Gamli bærinn stóð um 140m SA við íbúðarhúsið á Hafursstöðum. Undir Brekkunni, vestan þjóðvegjar. Tóftin er í jaðri túns sem liggur norður/suður á milli þjóðvegjar og heimreiðar að Hafursstöðum.


Lýsing

Gamli bærinn og túnið voru sunnan Hafursstaðaár en núverandi íbúðarhús og útihús eru öll norðan ár. Tóftin liggur samsíða Brekkunni og snýr norður/suður, 12x28m að utanmáli. Dyr hafa snúið mót vestri. Veggir eru mest um 1m á hæð og breidd mest um 2m. Þeir eru að mestu frekar illa farnir og sér í torf og grjóthleðslur þar sem þeir eru rofnir en annars er mikill gróður í tóftinni. Hún

virðist vera að minnsta kosti 5-skipt. Í nyrsta hluta sést í brotna húsgrind úr timbri, hurð og bárujárn sem hefur verið á þaki. Í syðri hluta liggur brot af steinsteypum strompi.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bærinn og fjósið nyrst í túni og við þau kálgarður. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Hús á jörðunni; venjulega bæjarhús, byggð úr torfi og timbri, nýlega endurbætt og all stæðileg (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262).



Hafursstaðir-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Gamli bærinn stóð um 140m SA við íbúðarhúsið á Hafursstöðum. Undir Brekkunni, vestan þjóðvegjar. Áfast bænum var fjós.

Lýsing

Gamli bærinn og túnið voru sunnan Hafursstaðarár en núverandi íbúðarhús og útihús eru öll norðan ár. Tóftin liggur samsíða brekkunni og snýr norður/suður, 12x28m að utamáli. Dyr hafa snúið mót vestri. Veggir eru mest um 1m á hæð og breidd mest um 2m. Þeir eru að mestu frekar illa farnir og sér í torf og grjóthleðslur þar sem þeir eru rofnir en annars er mikill gróður í tóftinni. Hún virðist vera að minnsta kosti 5-skipt. Í nyrsta hluta sést í brotna húsgrind, hurð og bárujárn sem hefur verið á þaki. Í syðri hluta liggur brot af steinsteypum strompi. Fjós hefur að líkindum verið í suðurhluta bæjarins.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bærinn og fjósið nyrst í túni og við húsin kálgarður. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „[...] fjós yfir 4 nautgr. [...]“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262).

Hafursstaðir-3

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn og fjósið nyrst í túni og við húsin kálgarður.

Lýsing

Miðað við túnakortið hefur matjurtagarðurinn verið við SA-horn hússins. Engin garðlög fundust en hnit voru tekin af túnakorti frá 1920 sem lagt var yfir loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 5m skekkju.

Hafursstaðir-4

Sérheiti: Skemmuhóll?

Hlutverk: Óþekkt, skemma?

Tegund: Dæld

Staðhættir

Framan eða vestan við bæjartóftina er hóll í túninu og á honum tvær dældir sem mögulega eru leifar mannvirkis eða mannvirkja.

Lýsing

Stærri dældin er um 2,5m í þvermál en önnur minni, um 1m í þvermál, er SV hennar. Þær eru um 20sm djúpar og gætu verið leifar mannvirkis og þá mögulega skemmu en um það verður ekkert fullyrt nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Skemmuhóll, fram undan gamla bænum [ofan Kotstúns].“ (ÖSG2, 1). Á túnakorti frá 1920 er mannvirki norðvestan við bæinn sem er að líkindum merkt skemma en letur er illæsilegt.

Hafursstaðir-5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 100m SSV af bæjartóftinni, beint suður af veginum að Hafursstöðum er fjárhústóft.

Lýsing

Hún snýr norður/suður og hafa dyr verið til vesturs og líklega hlaða eða heytóft til austurs. Tóftin er 11x18m að utanmáli, veggir eru um 30sm háir, og mesta breidd um 1m. Mikill gróður er á tóftinni en þó sér í grjóti inn á milli. Ytri brún útveggja er óljós en innveggir skýrari og virðist sem a.m.k. þrír garðar hafi verið í húsinu.

Aðrar athugasemdir

Á túnakorti frá 1920 er fjárhús nokkuð sunnan við bæinn. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „[...] samstæðuhús, snarað, yfir 110 sauðfjár, [...]“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262).

Hafursstaðir-6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Garðlaginu gæti stafað hættu vegna nálægðar við þjóðveg.

Staðhættir

Á Brekkubrúninni ofan við gamla bæinn, vestan við þjóðveginn er garðlag, leifar túngarðs.

Lýsing

Það er í tveimur eða þremur hlutum og liggur frá norðri til suðurs, alls tæplega 130m langt. Garðurinn er gróinn en sér í grjót og hefur hann a.m.k. verið grjóthlaðinn að hluta. Hæð er frá 20-70sm og mesta breidd um 2m. Meðfram garðinum liggur túngirðing. Nyrsti endi garðlagsins liggur niður brekku. Þriðji hlutinn er sunnan túnsins og er að líkindum annaðhvort leifar túngarðs eða garðlag undan girðingu.

Hafursstaðir-7

Hlutverk: Túngarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á brekkubrúninni ofan við gamla bæinn, vestan við þjóðveginn er garðlag, leifar túngarðs og við norðurenda hans er annað garðlag, styttra, sem gæti verið hluti eldri eða yngri túngarðs.

Lýsing

Garðlagið er rúmlega 10m langt, 30sm hátt og mest um rúmlega 1m á breidd. Það liggur niður brekku NA við gamla túnið.

Hafursstaðir-8

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftinni gæti stafað hættu vegna nálægðar við þjóðveg.

Staðhættir


Á Brekkubrúninni ofan við gamla bæinn, vestan við þjóðveginn er garðlag og við suðurenda þess er tóft. Hún er um 4m vestur frá þjóðveginum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur. Hún er 5x6m að utanmáli en gæti náð lengra til vesturs en þar liggur girðing við tóftina og því erfitt að greina hversu löng hún hefur upprunalega verið. Mikill gróður er á tóftinni og frekar erfitt að greina útlit nákvæmlega. Veggir eru 20-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Hlutverk er óvíst en mögulega er þetta tóft hesthúss sem getið er um í fasteignamati.

Aðrar athugasemdir

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „[...] hesthús yfir 14 hross [...]“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262).



Hafursstaðir-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dældir

Staðhættir

Í túni, rúmlega 180m suður af bæjartóftinni eru afgangir hryggir og dæld á milli þeirra sem liggur norður/suður, mögulega leifar tóftar.

Lýsing

Meint tóft er 12x26m að utanmáli og er dældin mest um 50sm djúp og veggir allt að 3m breiðir.

Hafursstaðir-10

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Dældir

Staðhættir

Í túni, rúmlega 180m suður af bæjartóftinni eru afgangir hryggir og dæld á milli þeirra sem liggja norður/suður, mögulega leifar tóftar (nr. 9) og 10m þar sunnan við er samskonar hryggir og dældir sem einnig gætu verið leifar mannvirkis.

Lýsing

Svæðið er um 12m að þvermáli, ekki greinileg lögun en allt að 30sm djúpar dældir sem gætu verið leifar mannvirkis sem búið er að slétta yfir.



Hafursstaðir-11

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots.

Staðhættir


Í Hafursstaðavík, um 160m norður af árósi Hafursstaðaár er aflöng tóft sem liggur fram á sjávarbakka og fjara þar vestan við milli bakkans og sjávar. Vestan við tóftina er vegslóði.

Lýsing

Tóftin er illa farin og erfitt að átta sig á lögun og nákvæmri lengd en hún virðist þrískipt og um 4x12m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru 20-50sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru grasi grónir og að hluta komin í þúfur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður við merkin við sjóinn er Ófærubás, norðan hans heitir Urð, þar norður af Sandvík, þá Selatangi, fram af honum Selasker, norður af honum Hafsstaðavík allt til Hallár. Norðan til í henni var uppsátur. Þar uppi á bakkanum voru verbúðir, sem stundum voru í byggð áralangt.“ (ÖSG, 1).



Hafursstaðir-12

Hlutverk: Verbúð?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots.

Staðhættir

Í Hafursstaðavík, um 160m norður af áros Hafursstaðaár er aflöng tóft (nr. 11) og önnur austan hennar.

Lýsing

Tóftin er 4x5m að utanmáli og eru dyr til vesturs. Veggir eru

10-40sm háir og er austurveggur og suðausturhorn lægst eða aðeins um 10sm. Mesta breidd er um 1m. Tóftin er algróin og veggir að hluta þýfðir. Hlutverk er óvíst en að öllum líkindum tengt útræði.

Hafursstaðir-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/Þúst


Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots

Staðhættir

Í Hafursstaðavík, um 160m norður af áros Hafursstaðaár er aflöng tóft (nr. 11) og önnur tæplega 10m norðan hennar.

Lýsing

Tóftin eða þústin er 3x5,5m að utanmáli, engin greinileg lögun er á henni en vegghleðsla er þó greinileg á kafla. Hluti virðist rofinn í burtu og hluti er kominn í þúfur. Þústin um 20-30sm há og algróin grasi.



Hafursstaðir-14

Hlutverk: Verbúð, naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots.

Staðhættir

Í Hafursstaðavík, um 160m norður af áros Hafursstaðaár er aflöng tóft (nr. 11) og önnur um 25m sunnan hennar. Hún er rúmlega 120m norður af áros Hafursstaðaár.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur og hafa dyr snúið mót vestri. Hún er 8x9m að utanmáli. Vesturhluti er að hluta horfinn, annaðhvort vegna landbrots eða vegna vegslóða sem

er fast vestan við tóftina. Veggir eru 20-40sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru algrónir og að hluta þýfðir.

Hafursstaðir-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots.

Staðhættir

Í Hafursstaðavík, um 10m suður af tóft nr. 14 og rúmlega 100m norður af áros Hafursstaðaár er þúst.

Lýsing

Hún er rúmlega 3m að þvermáli, algróin og 20-30sm há. Hún virðist vera leifar mannvirkis en mögulegt er að um náttúrulegt fyrirbrigði sé að ræða.



Mynd 4. Horft er yfir mógrafirnar til norðausturs.

Hafursstaðir-16

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár, nærri árosnum eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru tvær, alls um 1240m² að flatarmáli og mest um 1,5m á dýpt.

Hafursstaðir-17

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár, nærri árosnum eru mógrafir og norðvestan þeirra eru tóftir og niðurgröftur.

Lýsing

Næst mógröfunum er tóft sem snýr austur/vestur. Hún er 3x7m að utanmáli, veggir um 30sm háir og mest um 1m á breidd. Tóftin er algróin grasi og mikill gróður á henni. Rof er við NA-horn þar sem mögulega hafa verið dyr eða hlið.

Hafursstaðir-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 3m vestan við tóft nr. 17 er niðurgröftur.

Lýsing

U.þ.b. 20sm kantur er utan um niðurgröftinn sem er 2,5x3m að utanmáli og 10-30sm djúpur. Hann er gróinn grasi og er töluverður gróður umhverfis hann.

Hafursstaðir-19

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m vestan við mótóft nr. 17 er önnur mótóft.

Lýsing

Hún er aflöng og snýr austur/vestur, 3x6m að utanmáli. Tóftin sem er algróin stendur á grónum rana og er að hluta niðurgráfin. Veggir eru um 30sm háir og rúmlega 1m breiðir.



Mynd 5. Horft er til austurs yfir mógrafarsvæði nr. 20.

Hafursstaðir-20

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár, við fjöruna er mógröf og við hana tvennar tóftir.

Lýsing

Svæðið er um 150m² og mest um 30-40sm djúpt, algróið grasi.

Hafursstaðir-21

Hlutverk: Mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár, við fjöruna, er mógröf (nr. 20) og norðan við hana er tóft.

Lýsing

Tóftin er nánast hringlaga um 6m í þvermál. Hún er algróin grasi og veggir, sem eru nokkuð hrundir, eru komnir í þúfur. Þeir eru 20-40sm háir og mest um 1m á breidd. Líklegt er miðað við nálægð við mógrafir að um mótóft sé að ræða. Við suðurvegg virðist vera lítið hólf sem mögulega gæti verið myndað úr hruni úr vegg.

Hafursstaðir-22

Hlutverk: Mótóft?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár, við fjöruna er mógröf (sjá nr. 20) og sunnan við hana er tóft.

Lýsing

Hún snýr NA/SV og er um 2,5x3,5m að utanmáli. Hún er grasi gróin, þýfð en moldarflag er í gólfi. Veggir eru um 30sm háir og mest um 1m á breidd. Miðað við staðsetningu er líklegt að um mótóft sé að ræða.



Hafursstaðir-23

Hlutverk: Sjóbúð, naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots en tóftin stendur skammt frá sjávarbakka.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, um 30m suður af áros Hafursstaðaár er tóft.

Lýsing

Hún er aflöng og snýr NA/SV, 6x13m að utanmáli. Tóftin er

tvískipt og hafa dyr snúið til SV. SV-hluti tóftar er fremur óljós og óvíst hvar hann endar. Veggir eru jarðsokknir 20-40sm háir, mest um 2m á breidd, algrónir og þýfðir.

Hafursstaðir-24

Hlutverk: Sjóbúð, naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots en tóftin stendur frammi á sjávarbakka.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, um 30m suður af áros Hafursstaðaár er tóft nr. 23 og við SV-enda hennar önnur tóft, minni.

Lýsing

Hún er rúmlega 4x5m að utanmáli en vesturhluti er að hluta horfinn vegna ágangs sjávar en ljóst að tóftin hefur náð lengra til vesturs og hafa dyr að líkindum snúið til þeirrar áttar. Hún er algróin, veggir nokkuð sokknir um 20-30sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Hafursstaðir-25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots en minjarnar standa frammi á sjávarbakka.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, um 30m suður af áros Hafursstaðaár er tóft nr. 23 og beint suður af henni er niðurgröftur.

Lýsing

Hann er 1x1,5m að ummáli og um 60sm djúpur, algróinn grasi. Sunnan hans er þúfnakragi sem gæti tengst niðurgreftinum.

Hafursstaðir-26

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, veggjalag

Hættumat: Hætta vegna landbrots.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, sunnarlega í Hafursstaðavík, rúmlega 400m suður af Hafursstaðaá eru aflöng garð eða veggjalög.

Lýsing

Garðlögin eru þrjú og liggja samsíða nokkurn veginn frá norðri til suðurs. Þau eru tæplega 5m löng og samanlagt rúmlega 2m á breidd og um 20sm há. Veggjalag eða garðlag virðist vera við suðurenda sem tengir þau saman. Hlutverk og aldur er óviss en þetta virðist vera mannvirki. Norðan við þau er um 10sm djúpur niðurgröftur.



Mynd 6. Horft til suðurs frá vörðunni (nr. 27) og heim að bæ.

Hafursstaðir-27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Um 20m sunnan við girðingu milli Hafursstaða og Kjalarlands að norðan, um 480m norður af bænum og tæplega 30m vestur af veginum heim að Hafursstöðum, er varða.

Lýsing

Varðan er heilleg og stendur á klöpp um 70sm há og er botn hennar um 1,2x0,75m að ummáli.

Hafursstaðir-28

Hlutverk: Fjárhús, beitarhús, stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi við vegslóða sem liggur sunnan við merkin milli Hafursstaða og Kjalarlands, um 500m NNV af bænum eru tóftir.

Lýsing

Sunnan vegslóðans er tvískipt, aflöng tóft sem liggur NV/SA, 5x14m að utanmáli. Innangengt virðist á milli hólfa og dyr eða hlið eru við báða enda tóftar. Hún er lyngi gróin og veggir hlaupnir í þúfur, þeir eru 20-40sm háir og mest um 2m á breidd. Tóftin virðist fremur gömul.



Hafursstaðir-29

Hlutverk: Óþekkt, rétt stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi við vegslóða sem liggur sunnan við merkin milli Hafursstaða og Kjarlarlands, um 500m NNV af bænum eru tóftir.

Lýsing

Norðan vegslóðans er aflöng tóft sem liggur VNV/ASA, 6x16m að utanmáli. Hún liggur upp við klöpp sem myndar NA vegg hennar sem er um 1m hár en aðrir veggir um 30-50sm háir. Mesta breidd veggja er um 2m og hún er grasi og mosa gróin en sér í grjót á nokkrum stöðum. Tóftin er a.m.k. þrískipt en NV-við virðist vera óljóst hólfi. Hlutverk er óvíst en tóftin minnir á stekk þó ekki sé hann hefðbundinn í útliti. En sé svo þá er rétt til SA og hlið á henni til suðurs. Tvískipt kró er þá til VNV og liggur nokkuð hærra heldur en réttin.

Hafursstaðir-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

NV við tóft nr. 29 er mögulega önnur tóft.

Lýsing

Meint tóft snýr NV/SA, 4x8m að utanmáli og hafa dyr eða hlið snúið til NV. Veggir eru þýfðir, 20-40sm háir og um 1m á breidd og algrónir. Óvíst er hvort um mannvirki eða náttúrulegt fyrirbrigði er að ræða.

Hafursstaðir-31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

SV við tóft nr. 29 er mögulega önnur tóft.

Lýsing

Hún er 3x4m að utanmáli, veggir 10-30sm háir og þýfðir. Meint tóft er nokkuð regluleg að lögun og sléttara er innan í henni en utan við. Óvíst er hvort um mannvirki eða náttúrulegt fyrirbrigði er að ræða.



Mynd 7. Horft til NV í átt til Skagastrandar. Varðan eða smalakofinn fyrir miðri mynd.

Hafursstaðir-32

Hlutverk: Óþekkt, varða, smalakofi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Norðan Hafursstaðaár og ofan (austan) þjóðvegur er grjóthleðsla. Hún stendur á melkolli um 250m austur af þjóðveginum og rúmlega 100m norður af Hafursstaðaá.

Lýsing

Hleðslan er hrunin, gæti hafa verið varða eða smalakofi, 30sm há og um 1,5m að þvermáli.

Hafursstaðir-33

Sérheiti: Vaðhvammur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Milli Hellisgils og Hafstaðaár er Rani. Í árgilinu norðan við Ranann er stór grashvammur, sem heitir Vaðhvammur.“ (ÖSG, 1).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu úr örnefnaskrá. Á loftmyndinni sjást götur niður í hvamminn að sunnan og uppúr hvamminum sem liggur gegnt honum að norðan.



Mynd 8. Horft ofan í Vaðhvamm. Götur sjást í hvamminum norðan megin Hafursstaðaár.

Hafursstaðir-34

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Milli Hellisgils og Hafstaðaár er Rani.“ (ÖSG, 1). Í hvammi vestast á Rananaum sunnanverðum er stekkjartóft.

Lýsing

Hún er aflöng og snýr norður/suður, 6x12m að utanmáli. Hún virðist þrískipt, algróin grasi og mosa og að hluta komin í þufur. Veggir eru nokkuð hrundir, 30-60sm háir og mest um 2m að breidd. Tóftin er rofin til vesturs og hefur hrunið úr henni ofan í ána.



Mynd 9. Horft vestur eftir Rananum.

Hafursstaðir-35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Milli Hellisgils og Hafstaðaár er Rani.“ (ÖSG, 1). Hæsti hluti Ranans er ógróinn og á honum ofarlega, eða rúmlega 200m austur af stekkjartóftinni (nr. 34) er varða.

Lýsing

Varðan er um 60sm há og stendur vel, u.þ.b. 1x1m að grunnmáli.

Hafursstaðir-36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í NA-horni Hafursstaða (þ.e. heimalands) er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan er um 1,8x0,8sm að ummáli, um 10sm há og snýr næstum norður/suður. Hlutverk er óþekkt en hleðslan virðist manngerð en rétt er að taka fram að mikið grjót er á melnum og því gæti verið um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.



Mynd 10. Hleðsla nr. 36 fremst á mynd. Horft er til SV og sést í vörðu nr. 35 ofarlega til hægri.



Mynd 11. Grjóthleðsla nr. 37. Horft er til SV.

Hafursstaðir-37

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á lítt grónum aflöngum mel tæplega 120m suður af Hellisgili og Hellisgilslæk er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan sker sig úr umhverfi sem þétt lag af steinum um 20sm hátt og um 1x1,2m að utanmáli. Þó er töluvert af grjóti umhverfis og því gæti verið um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.

Hafursstaðir-38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á melhól, rúmlega 80m suður af Hellisgilslæk og tæplega 100m vestur af merkjum milli Hafursstaða og Kambakots er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan er í raun samansafn af grjóti sem liggur þétt saman en lögun er jöfn. Hún er um 10sm há og 1,2x2m að ummáli. Töluvert er af grjóti umhverfis og því gæti verið um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.



Mynd 12. Horft er yfir þetta grjótlögn til NA. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.

Hafursstaðir-39

Hlutverk: Óþekkt, mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Merki milli Hafursstaða og Kambakots liggja yfir mel, Mómel og vestan undir honum í Hafursstaðalandi er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er lítil eða um 19m² í heildina, þrír niðurgreftir í hnapp. Stærsti niðurgrefturinn er um 1m á dýpt en hinar grynri eða um 10-30sm. Þær virðast ekki mjög gamlar.



Mynd 13. Horft til VSV yfir mógrafir vestan undir Mómel.



Hafursstaðir-40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða


Staðhættir

Á grýttum mel við heimreiðina heim að Kambakoti, þar sem hún sveigir til austurs í áttina heim að bæ er varða.

Lýsing

Varðan stendur vel og er um 70sm há og 1x1.2 m að grunnmáli.

Mynd 14. Horft er til norðvesturs. Á bak við vörðuna sést glitta í Hafursstaðabæinn en efst til vinstri er Skagaströnd.



Hafursstaðir-41

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Brunnárdals- eða Hafursstaðasel er framarlega á Brunnárdal, vestan við framhlaup sem kallast Selhólar, tæplega 5km austur af Hafursstaðabænum.

Lýsing

Efst á selinu er bæjarhóll 17x20m að utanmáli. Hann er grasi gróinn og sker sig vel úr landslagi. Hann er nokkuð hár og virðist ábúð eða seljabúskapur hafi verið þar um nokkurn tíma.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á Brunnárdal frá Smjörskálarlæk austur að merkjum heita Grænur. Að norðanverðu í dalnum austarlega heitir Bunga, þar vestan við Rjúpnalækur, þar vestur af Selhólafljall. Sunnan í því eru nokkrir melhólar nálægt ánni sem heita Selhólar, þar vestan við var Hafsstaðasel, þar áður búið.“ (ÖSG, 2). Í sýslu- og sóknarlýsingum er getið um tvö sel á Brunnárdal: „Hafurstaðasel stóð að fornu rétt fyrir framan Hrísgil, en nú stendur það gagnvart Smjörskál norðan undir Selhólum. Þar var byggð 1859-60, og var nefnd Brunnárdalssel. Nú er þar selstaða frá Hafurstöðum.“ (SS, 152).

Hafurstaðir-42

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafurstaðasel

Hlutverk: Híbyli, sel

Tegund: Tóftaleifar

Staðhættir

Brunnárdals- eða Hafurstaðasel er framarlega á Brunnárdal, vestan við framhlaup sem kallast Selhólar, tæplega 5km austur af Hafurstaðabænum.

Lýsing

Á bæjarhólnum eru ógreinilegar tóftaleifar. Nokkrir veggir eru sæmilega greinanlegir um 30sm háir og mest um 2m á breidd. Annars sjást bara þúfur sem líklega eru leifar veggja. Hóllinn er gróinn grasi og mosa en sér í grjót úr veggjum á nokkrum stöðum.

Hafurstaðir-43

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafurstaðasel

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir bæjarhólnum á Brunnárdals-/Hafurstaðaseli er tóft.

Lýsing

Hún snýr NNA/SSV og er rúmlega 3x5m að utanmáli og hafa dyr eða hlið verið til SSV. Veggir eru 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Hún er algróin grasi og mosa og örlítið niðurgrafin.

Hafurstaðir-44

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafurstaðasel

Hlutverk: Kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær tóftir liggja samsíða SV af bæjarhólnum.

Lýsing

Austari tóftin snýr norður/suður og hafa dyr að líkindum verið til S eða við SA horn tóftar. Tóftin er 7-10x4m að utanmáli. Veggir eru algrónir og þýfðir og bil er á milli þúfna, þeir eru 30-40sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Hafursstaðir-45

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær tóftir liggja samsíða beint SV af bæjarhólnum.

Lýsing

Vestari tóftin er 6x10m að utanmáli og snýr einnig norður/suður. Veggir eru grónir en sér í grjótt, þeir eru hrundir og komnir í þúfur. Hæð veggja er um 30-50sm og mesta breidd 2m. Tóftin er mögulega tvískipt en lítið hólf gæti verið til suðurs þar sem veggurinn er breiðastur.

Hafursstaðir-46

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í þýfðu mólendi tæplega 20m SA af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Hún er 4x6m að utanmáli og snýr NNA/SSV með dyr eða hlið mót SSV. Veggir eru 20-40sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er algróin grasi og mosa og að hluta komin í þúfur. Kindagötur liggja yfir norðurenda tóftarinnar sem virðist gömul, eða eldri en tóftir á og við bæjarhól.

Hafursstaðir-47

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli bæjarhólsins og Brunnár eru þrennar tóftir.

Lýsing

Nyrsta tóftin er í þýfðu mólendi og snýr austur/vestur, 4x9m að utanmáli. Hlið eða dyr hafa snúið til vesturs. Tóftin er algróin grasi og mosa og veggir komnir í þúfur og nokkuð hrundir, 30-70sm háir og mest um 2m á breidd. Lág þúfnarönd (garði?) er eftir miðri tóftinni sem virðist gömul.

Hafursstaðir-48

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli bæjarhólsins og Brunnár eru þrennar tóftir.

Lýsing

Tóftin fyrir miðju er aflöng og snýr austur/vestur rúmlega 5x9m að utanmáli. Veggir eru 30-60sm háir, hærri til norðurs og mest rúmlega 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa og hlaupnir í þúfur. Tóftin virðist gömul. Hlið eða dyr hafa veri við SV-horn.

Hafursstaðir-49

Sérheiti: Brunnárdalssel/Hafursstaðasel

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli bæjarhólsins og Brunnár eru þrennar tóftir.

Lýsing

Syðsta tóftin er aflöng og snýr austur/vestur, 4x10m að utanmáli. Hún er í náttúrulegum skorningi þar sem hlaðið hefur verið upp veggjum meðfram hliðum og fyrir endana. Veggir eru 40-120sm háir, hæstir til norðurs þar sem náttúrulegur bakki myndar vegg. Mesta breidd er rúmlega 1m.

Hafursstaðir-50

Hlutverk: Heytóft?


Tegund: Tóft


Staðhættir

Á norðanverðum Brunnárdal á milli selja, rúmlega 1km vestur af Hafursstaða/Brunnárseli og 800m austur af Hafursstaðaseli er tóft.

Lýsing

Hún er aflöng og snýr NA/SV, 3x13m að utanmáli. Tóftin er regluleg að lögun en veggir þýfðir, 20-40sm háir og um 1m á breidd.





Hafursstaðir-51

Sérheiti: Hafursstaðasel (eldra)

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum gæti stafað hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Á norðanverðum Brunnárdal, tæpa 3km austur af Hafursstöðum er Hafursstaðasel sem í sóknalýsingu frá 1873 (sjá hér að neðan) er sagt vera hið eldra. Seltóftirnar standa við Brunná, rétt um 30m frá ánni.

Lýsing

Seltóftin er nokkuð stór eða um 8x20m að utanmáli og snýr NV/SA. Hún skiptist að minnsta kosti í 6 hólf sem öll nema eitt snúa dyrum til SV, en eitt hólf snýr dyrum til NA. Veggir eru grasi og mosa grónir og komnir í þúfur en sér í grjóti í veggjum sem sumstaðar eru hrundir. Veggir eru 20-80sm háir, milliveggir lægstir, og breidd mest rúmlega 2m.

Aðrar upplýsingar

Í sýslu- og sóknalýsingu er getið um tvö sel á Brunnárdal: „Hafursstaðasel stóð að fornu rétt fyrir framan Hrísgil, [...]“ (SS, 152).

Hafursstaðir-52

Sérheiti: Hafursstaðasel (eldra)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum gæti stafað hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Sunnan við seltóftina er minni tóft.

Lýsing

Hún er 2x3m að utanmáli og snúa dyr mót suðri. Veggir eru grónir en sér í grjót í hleðslum, þeir eru 20-30sm háir og mest um 1m á breidd.

Hafursstaðir-53

Sérheiti: Hafursstaðasel (eldra)

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum gæti stafað hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Austan við seltóftina er tóft, líklega af kvíum.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og hefur hlið verið vestarlega á S-langvegg. Veggir eru grónir grasi og mosa og aðeins sést í einn stein, þeir eru nokkuð hrundir, 20-30sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Hafursstaðir-54

Sérheiti: Hafursstaðasel (eldra)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum gæti stafað hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Um 15m sunnan við kvíarnar (nr. 54) er tvískipt tóft.

Lýsing

Hún snýr NA/SV, 7x8m að utanmáli. Nyrðri hlutinn stendur hærra en sá syðri. Veggir eru algrónir, 30-50sm og rúmlega 1m að breidd. Syðrihluti NA veggs er nánast horfinn. Norðan við tóftina er mögulega eitt lítið hólf, illa farið.

Hafursstaðir-55

Sérheiti: Náttmálahóll

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Selasker er fyrir landi Hafursstaða, syðst. Sandvík er rétt innan við Selsker (svo). Náttmálahóll er þar við sjóinn, litlu norðar.“ (ÖSG2, 1).

Lýsing

Hóllinn var skráður af lofmynd eftir örnefnaskrá Skagabyggðar sem enn er á vinnslustigi 2012.

Hafursstaðir-56

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild


Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að heimreiðin lá til suðurs frá bæjarhlaði og norður að Hafursstaðaá.

Lýsing

Heimreiðin sést ekki í túninu í kringum bæjartóftina en vera má að slóð sem sést norðan Hafursstaðaár séu leifar heimreiðarinnar. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti.

Hafursstaðakot



Mynd 15. Á myndinni er túnakort frá 1920 lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Höfundur kortsins er Ágúst B. Jónsson. Á kortinu má sjá þau hús sem voru í Kambakoti upp úr aldamótum 1900. Bærinn er merktur nr. 58, fjós nr. 64 og matjurtagarður nr. 33. Fjárhús er nr. 59 heimreiðin til norðurs nr. 62 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Hafursstaða). Lengst til vinstri er svört ör sem sýnir að áttun á upprunalega kortinu hefur verið vitlaus.

Hafursstaðir-57

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hóll, dældir

Staðhættir


Hafursstaðakot stóð tæplega 200m vestur frá Hafursstaðabænum og um 40m suður af Hafursstaðaa. Þar er nú sléttað tún en enn sér móta fyrir bæjartóftunum.

Lýsing

Smá hólbunga er í túninu þar sem bærinn stóð, 14x20m að ummáli og á henni eru dældir sem marka bæjarhúsin en ekkert greinilegt lag sést á þeim. Enn sést í hleðslugrjótt úr húsunum þar sem það stendur upp úr sverðinum. Sunnan og suðaustan við bæjartóftina eru dældir og hólar þar sem gætu hafa verið einhver mannvirki en gæti einnig hafa myndast við framkvæmdir s.s. við túnasléttun.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrrum var Hafstaðakot byggt úr landi Hafstaða, en er nú lagt undir jörðina. Vestast í túninu var Kotstún.“ (ÖSG, 2). „Bæjarhús og geymsluhús mjög léleg torfhús og sum við það fallin.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).



Hafursstaðir-58

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40m vestur af leifum bæjar-tóftanna er fjárhústóft.


Lýsing

Tóftin er í sléttu túni, 10x12m að utanmáli, en greinilegar frekar jafnar dældir, um 20sm djúpar, og útlínur veggja sjást nokkuð vel. Grjót sést einnig í köntum á

nokkrum stöðum. Húsin hafa snúið austur/vestur og hafa dyr snúið mót vestri en hlaða eða heytóft verið til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Bæjarhús og geymsluhús mjög léleg torfhús og sum við það fallin. Peningshús lík, en þó stæðilegri og rúma: 4 nautgr. 60-70 sauðfjár og 5 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).



Hafursstaðir-59

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 10m SV við fjárhústóftina er regluleg dæld í túni að líkindum leifar mannvirkis.

Lýsing

Dældin er 2x4m að utanmáli og um 20sm djúp. Grjót er í köntum hennar sem benda til þess að þarna hafi staðið eitthvert mannvirki. Norðan og austan við eru tvær dældir sem ekki eru jafn greinilegar en gætu verið hluti mannvirkisins.

Hafursstaðir-60

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í túnjaðrinum norðan við Hafursstaðakot og þá Kotstúnið er grjóthlaðið garðlag meðfram suðurbakka Hafursstaðaár.

Lýsing

Garðlagið er í heild um 200m langt en skiptist í fimm hluta. Það er grjóthlaðið en grasi gróið og sér í grjóthleðslur og grjót liggur á köflum meðfram honum, sem gætu verið viðbætur við garðinn. Garðlagið er allt að 90sm hátt og mest um 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að tún sé að hluta girt með grjót- og torfgarði og gaddavír. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).



Mynd 16. Horft eftir garðinum til vesturs.

Hafursstaðir-61

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Heimreið


Tegund: Gata

Staðhættir

Upphlaðin gata liggur til NNA frá bæjartóftinni í átt til Hafursstaðaár.

Lýsing

Hluti heimreiðar hefur farið undir tún en sá veghluti sem hefur varðveist er upphlaðinn, 15m langur og 20sm háir og um 2m á breidd, grasi gróinn.



Hafursstaðir-62

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður sunnan við bæinn.

Lýsing

Garðurinn er nú kominn undir slétt tún en á túnakorti segi að hann hafi verið 110 ferfaðmar. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt er yfir hnitaða loftmynd og

má því gera ráð fyrir allt að 5-10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 er matjurtagarður sagður 56 fðm², í rækt. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).

Hafursstaðir-63

Sérheiti: Hafursstaðakot

Hlutverk: Fjós

Tegund: Dældir

Staðhættir

Hafursstaðakot stóð tæplega 200m vestur frá Hafursstaðabænum og um 40m suður af Hafursstaðaa. Þar er nú sléttuð tún en enn sér móta fyrir bæjartóftunum. Á túnakorti frá 1920 má sjá að fjós var áfast bænum.

Lýsing

Smá hólbunga er í túninu þar sem bærinn stóð, 14x20m að ummáli og á henni eru dældir sem marka bæjarhúsin en ekkert greinilegt lag sést á þeim. Enn sést í hleðslugrjótt úr húsunum þar sem það stendur upp úr sverðinum. Sunnan og suðaustan við bæjartóftina eru dældir og hólar þar sem gætu hafa verið einhver mannvirki en gæti einnig hafa myndast við framkvæmdir s.s. við túnasléttun.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að fjós hafi verið yfir 4 nautgripi. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).

Hafursstaðir-64

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Hafursstaða segir: „[...] þaðan í stóran stein á Núpnum; þaðan rjettsýnis í garð í brekkunum.“ (Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1890), nr. 161).

Lýsing

Garðlagið fannst ekki við skráningu 2011.

Hafursstaðir-65

Hlutverk: Reiðgötur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Hafursstaða segir: „[...]en slægjur í brekkunum fyrir neðan þann ás og ofan undir Reiðgötur á Hafursstaðakot.“ (Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1890), nr. 161).

Lýsing

Ekki sáust nefndar reiðgötur við vettvangsskráningu 2011.

Hafursstaðir-66

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður við merkin við sjóinn er Ófærubás, norðan hans heitir Urð, þar norður af Sandvík, þá Selatangi, fram af honum Selasker, norður af honum Hafsstaðavík [líka kölluð Hafursstaðavík] allt til Hallár. Norðan til í henni var uppsátur.“ (ÖSG, 1).

Lýsing

Í Hafursstaðavík eru minjar tengdar útræði (sjá nr. 11-15 og 23-25) en ekkert uppsátur fannst við skráningu sumarið 2011.

Hafursstaðir-67

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „[...] hesthús yfir 14 hross [...]“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðir nr. 262).

Lýsing

Óvíst er hvar hesthúsið stóð en það er ekki merkt á túnakorti frá 1920. Mögulegt er að tóft nr. 8 hafi verið hesthús en slíkt verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Kambakot-söguágrip

Kambakots er fyrst getið í manntali frá 1703 en þá voru fjórir skráðir þar til heimilis. Árið 1835 er tvíbýli á jörðinni og voru heimilismenn þá tólf.²⁴ Í jarðabók frá 1847 er Kambakot sögð hjáleiga frá Hafstöðum ásamt Hafstaðakoti og eru þær metnar á 10 hundruð hvor en heimajörðin á 30 hundruð.

Bærinn að Kambakoti brann 4. október 1949 og var talið að eldurinn hefði komið upp í olíuvél í eldhúsi. 14 manns bjuggu þá á Kambakoti en bænum er svo lýst í grein í Morgunblaðinu: „Bærinn Kambakot var mjög lítill. Auk eldhússins var þar geymsla og svo baðstofan.“²⁵ Hlaða og fjós var við bæinn en það tókst að koma í veg fyrir að þær byggingar yrðu brunanum að bráð.²⁶ Fjölskyldan fluttist í fjárhúsin þar sem tvær krær voru innréttaðar, þar bjó hún í tvö ár á meðan nýtt einbýlishús var í byggingu.²⁷

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Kambakot	1686	-	-	-	-
Kambakot	1696	-	-	-	-
Kambakot	1708 ²⁸	Þingeyrarklaustur	10	0,6	2,5 (áður 4)
Kambakot	1847 ²⁹	Bændaeign	10	0,6	2,5
Hafursstaðir m. hjál. Kambakoti og Hafursstaðakoti	1861 ³⁰	-	29,9 þar af 5,98 á Kambakoti ³¹	-	-

Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Hafursstaða og Hafursstaðakotsland eru óskipt, en Kambakotsland er skipt úr, og eru aðeins fá ár síðan, er beitolandi var skipt.“³² Síðar segir að allangt sé síðan Kambakot varð sérstök eign³³ en ártals ekki getið.

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Túnið talið 11 dagsl. Það er grasgefið og í góðri rækt. Lítil hluti þess slétt, en mikið af því greiðfært. Algirt með 500 fðm. langri 4 þætti gaddavírsgirðingu og er innan þeirrar girðingar talsvert engjastykki, og sumt af því vel fallið til túnútgræðslu. [...] Engjar eru: 1 samfelldur stararflói út frá túninu, blautur og nokkuð þýfður en grasgefinn, 2 vallendisbrekkur á dreif um bithaga, grasgefnar, þurrar og heygóðar. Af engjum þessum telur eigandi fást um 300 hb. árl. En auk þessa engis, eru nokkrar

²⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 2. janúar 2012.

²⁵ Morgunblaðið 6. október 1949, 16.

²⁶ Tíminn, 6. október 1949, 2.

²⁷ Morgunblaðið 11. ágúst 2001, 42.

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 444.

²⁹ Jarðatal á Íslandi, 245.


³⁰ Ný jarðabók, 90.

³¹ Sýslu- og sóknalýsingar I, 151.

³² Sýslu- og sóknalýsingar I, 151-2.

³³ Sýslu- og sóknalýsingar I, 152.

slægjur í fjarlægu beitolandi jarðarinnar, sem illt er að nota vegna ágangs og mjög erfiðra flutninga. Engin áveita. Engjar óvéltækar. Stutt á aðalengið, en vegur seinfær vegna bratta.“³⁴



Mynd 17. Á myndinni er túnakort frá 1920 lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Höfundur kortsins er Ágúst B. Jónsson. Á kortinu má sjá þau hús sem voru í Kambakoti upp úr aldamótum 1900. Bærinn nr. 2 og fjósið nr. 3, matjurtagarður nr. 4, heimreiðin nr. 5, fjárhús nr. 6 og hesthús nr. 7 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Kambakots).

³⁴ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261.

Fornleifaskrá



Mynd 18. Bæjarhóllinn er lengst til vinstri á mynd og skyggir að hluta á fjárhúsin. Íbúðarhús og skemma til hægri.

Kambakot-1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir


Gamli bæjarhóllinn er í aflíðandi halla, í túninu, tæplega 80m NV af íbúðarhúsinu í Kambakoti, norðan bæjarlækjar.

Lýsing

Hann er 35x45m að utanmáli og á honum sjást greinilegar leifar bæjarins sem brann 4. október 1949 (Munnleg heimild: Jónmundur Ólafsson 14.11.12).

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bærinn og fjósið sýnt u.þ.b. fyrir miðju túni. „Bæjarhús og geymsluhús gömul og sérlega lítilfjörlega og léleg torfhús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261).



Kambakot-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir


Gamli bæjarhóllinn er tæplega 80m NV af íbúðarhúsinu í Kambakoti, norðan bæjarlækjar og á honum eru leifar bæjarins sem stóð þar til 1949.

Lýsing

Aðaltóftin er austast eða efst á hólnum, 27x14m að utanmáli.

Veggir og þak eru hrunin en það

sér í torf, grjót, bárujárn og timbur í tóftinni, en að öðru leyti er tóftin grasi gróin. Innra skipulag er ógreinilegt en tóftin virðist skiptast í 5-6 hól og hafa dyr snúið mót vestri. Mesta hæð veggja er um 70sm og breidd þeirra um 2m. Nyrst á bæjarhólnum, við NV-horn bæjartóftarinnar eru 60sm djúpar, algrónar, samsíða dældir og mögulega leifar veggjar að norðan. Önnur dæld, tæplega 3m í þvermál er vestan við stærstu tóftina. Hún er mest um 30sm djúp. Bæjarhlaðið hefur að líkindum verið á milli kálgarðsins og bæjartóftarinnar og sér enn móta fyrir því.



Kambakot-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn er tæplega 80m NV af íbúðarhúsinu í Kambakoti, norðan bæjarlækjar og á honum eru leifar bæjarins sem stóð þar til 1949.

Lýsing

Á túnakorti frá 1920 má sjá að fjósið og bærinn hafa verið áföst en ekki var greinilegt á tóftinni hvar fjósið hafði verið. Aðaltóftin er austast eða efst á hólnum, 27x14m að utanmáli. Veggir og þak eru hrúnin en það sér í torf, grjót, bárujárn og timbur í tóftinni, að öðru leyti er tóftin grasi gróin. Innra skipulag er ógreinilegt en tóftin virðist skiptast í 5-6 hólf og hafa dyr snúið mót vestri. Mest hæð veggja er um 70sm og breidd þeirra um 2m. Nyrst á bæjarhólnum, við NV-horn bæjartóftarinnar eru 60sm djúpar, algrónar, samsíða dældir og mögulega leifar veggjar að norðan. Önnur dæld, tæplega 3m í þvermál er vestan við stærstu tóftina. Hún er mest um 30sm djúp. Bæjarhlaðið hefur að líkindum verið á milli kálgarðsins og bæjartóftarinnar og sér enn móta fyrir því.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús yfir: 4 nautgr. [...] allgóð torfhús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261).

Kambakot-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á bæjarhólnum vestanverðum er garðlag.

Lýsing

Það liggur í vinkel frá norðri til suðvesturs. Það er 20-40sm hátt og mest um 2m á breidd. Það sér í grjót í hleðslunni sem annars er grasi gróinn. Líklegast eru þetta leifar matjurtagarðs sem sýndur er á túnakorti frá 1920.

Kambakot-5

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er heimreiðin sýnd liggja til norðurs frá bænum og við túnjaðarinn er hlið.

Lýsing

Heimreiðin sést ekki lengur í túninu en var hnitsett af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd. Því má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Kambakot-6

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir


Fjánhús bæjarins standa um 50m A og SA af íbúðarhúsinu, á sama stað og gömlu fjánhúsin stóðu áður samkvæmt heimildamanni (Munnleg heimild: Jóhann Ingi Ásgeirsson 17.11.12).

Lýsing

Fjánhúsin eru horfin en hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir hnitaða loftmynd. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús yfir: [...], 130 sauðfj. [...] allgóð torfhús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261).



Kambakot-7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst í gamla túninu um 100m NA af gamla bæjarhólnum er tóft og við hana garðlag

Lýsing

Tóftin er 8x12m að utanmáli og SV við hana garðlag, mögulega rétt. Hún er tvískipt, liggur ANA/VSV og er A-hluti hennar horfinn vegna skurðgrafter. Ekki

er ólíklegt að sá hluti hafi verið heytóft eða hlaða þó slíkt verði ekki fullyrt. Veggir eru 20-70sm háir og mest um 2m á breidd. Þeir eru nokkuð þýfðir og grónir en þó sér í grjót í veggjum. Dyr hafa snúið til vesturs en þar er garðlag/rétt sem er opin til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús yfir: [...] 20 hross, -allgóð torfhús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261). Tóftin virðist merkt hesthús á túnakorti frá 1920.

Kambakot-8

Hlutverk: Matjurtagarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 50 m austan við bæjarhólinn, ofar í gamla túninu er garðlag, mögulega leifar matjurtagarðs.

Lýsing

Það er grjóthlaðið, töluvert hrundið, um 60sm hátt og mest rúmlega 1m á breidd. Það liggur í vinkel frá vestri til norðausturs og svo til suðurs. Við innanvert horn þess er eins og lítil tóft sem mögulega er þó mynduð af hruni úr vegg. Suður- og vesturhliðar garðsins eru horfnar.



Mynd 19. Meint tóft ofan við bæjarhólinn. Efst í vinstra horninu sést í íbúðarhús og skemmu. Horft er til SV.

Kambakot-9

Hlutverk: Óþekkt, brunnur/brunnhús?

Tegund: Tóftaleifar

Staðhættir

Við bæjarlækinn um 25m austur af gamla bæjarhólnum virðist vera tóft eða tóftaleifar.

Lýsing

Meintir veggir eru mjög illa farnir og að hluta horfnir. Þeir eru grasi og mosa grónir og þýfðir. Vatn er í tóftinni. Hún er 3x3,5m að utamáli, hæð veggja er mest um 40sm og 1m á breidd. Miðað við

staðsetningu er mögulegt að þarna hafi verið brunnur eða jafnvel brunnhús. Mögulega er þó um yngri minjar eða leifar einhverskonar framkvæmda að ræða. Samkvæmt heimildamanni var brunnhús ofan við bæinn þar sem mjólk var kæld áður en hún var seld. Húsið var úr járn en byggt utan um það með sniddu (Munnleg heimild: Jónmundur Ólafsson 09.02.12).

Kambakot-10

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir


Í brekkunni NA af gamla bæjarhólum í NA-hluta gamla túnsins eru ávalar bungur, líklega beðasléttur.

Lýsing

Sléttur eru fimm og ná yfir svæði sem er 40x40m að utanmáli. Þær eru mest um 40sm djúpar, algrónar.



Mynd 20. Horft er af bæjarhólum til ANA. Beðasléttur sjást í brekkunni ofan við núverandi tún (sem er grænna á mynd).



Kambakot-11

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi gróinni og nokkuð þýfðri brekku sem hallar til vesturs, rúmlega 600m norður af íbúðarhúsinu er stekkjartóft.

Lýsing

Hún er 6x14m að utanmáli og snýr nokkurn veginn norður/suður (NNV/SSA). Veggir eru 20-80sm háir og mest um 1m á breidd. Þeir

eru algrónir, þýfðir, hlaðnir úr torfi og grjóti og að hluta grafnir inn í brekkuna til austurs. Hlið hefur verið á réttinni til suðurs en ekki sést hlið á milli réttar og króar né út úr krónni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðan í Brekkunum eru gamlar rústir, Stekkur.“ (ÖPJ, 1).

Kambakot-12

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grónum, frekar votum hvammi í Brunnárgili, gegnt Selhvammi í Kjalarlandi, tæplega 900m NNA af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr að líkindum verið við SV-horn. Hún er gróin en þó sér í grjót í veggjum, sem eru að



nokkru komnir í þúfur. Austan við tóftina er gróinn bakki sem liggur meðfram tóftinni frá norðri til suðurs og mögulega veggjalag milli hans og tóftar að norðan. Veggir eru 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Kambakot-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: steinalögn, náttúrumyndun

Staðhættir

Á stórgrýttri brekkubrún, tæplega 600m austur af bænum er steinalögn, hugsanlega náttúrumyndun.

Lýsing

Steinalögnin er um 20-30sm há og rúmlega 2m að þvermáli. Hlutverk er óvíst og einnig hvort þetta sé mannvirki eða náttúruleg myndun. Mögulega er um að ræða vörðu sem nefnd er í örnefnaskrá sem vitnað er til hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Beint í austur frá Kambakotsbæ, frá vörðu, sem þar er hlaðin frá gamalli tíð, í stefnu á Pálsbyrgi, liggja svokallaðar Flatir, sem ná norður á há-Kamba.“ (ÖPJ, 1).



Mynd 21. Steinalögn fram á brekkubrúninni ofan við bæinn. Horft er til vesturs.

Kambakot-14

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni sést fyrir mógröfum NV af bænum. (Munnleg heimild: Jóhann Ingi Ásgeirsson 17.11.12).

Lýsing

Engin merki um þær fundust á vettvangi en á nýlegri loftmynd sést aftur á móti dökkur blettur á austurbakka stórs skurðar sem minnir í útliti á mógröf og er líklega sú sem heimildamaður talar um. Hún er hér skráð af loftmyndinni og mælist um 350m².

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Í vestur frá Kambakotsbæ er svokallað Móholt; þar var þurrkaður mór (svörður), meðan hann var notaður til eldsneytis.“ (ÖPJ, 1). Og í annarri skrá segir: „[Móholt er í norðvesturhorni túnsins, nú ræktað.]“ (ÖGJ, 1).

Kambakot-15**Hlutverk:** Varða**Tegund:** Landamerki**Staðhættir**

Tæplega 1200m ASA af bænum á hálfgrónum klöppum er varða, um 6m norður af merkjagirðingu milli Kambakots og Ytri-Eyjar.

Lýsing

Varðan er 80-110sm há. Hún er jafnframt skráð með Ytri-Ey og hefur því sama Fornleifaverndarnúmer 12042.



Mynd 22. Horft upp með skurðinum til SA.

Kambakot-16**Hlutverk:** Framræsla**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Norðan við heimatúnið og meðfram því að norðan og austan er skurður.

Lýsing

Hann er bæði mjór og fremur grunnur og virðist vera handgraffinn, mest um 20sm djúpur, 15-20sm breiður og rúmlega 160m langur.

Kambakot-17**Hlutverk:** Hádegisvarða/Dagvarða**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Landamerki Kambakots: „Frá Hrafnabík til suðurs í hól, sem heitir Grenshjallahöfuð, þaðan í Hádegisvörðu, þaðan í Pálsberg, sem er uppi á Kömbum [...]“ (ÖÓÓ, 1).

Lýsing

Engin varða fannst á merkjum sunnan Kambakots.

Kambakot-18**Hlutverk:** Varða**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Beint í austur frá Kambakotsbæ, frá vörðu, sem þar er hlaðin frá gamalli tíð, í stefnu á Pálsbyrgi, liggja svokallaðar Flatir, sem ná norður á há-Kamba.“ (ÖPJ, 1).

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu 2011.

Kambakot-19

Sérheiti: Móholt

Hlutverk: Móþurrkunarstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Í vestur frá Kambakotsbæ er svokallað Móholt; þar var þurrkaður mór (svörður), meðan hann var notaður til eldsneytis.“ (ÖPJ, 1). Og í annarri skrá segir: „[Móholt er í norðvesturhorni túnsins, nú ræktað.]“ (ÖGJ, 1).

Lýsing

Samkvæmt örnefnaskrá er Móholt komið í tún.

Kjalarland-söguágrip

Elstu rituðu heimildir er geta Kjalarlands er jarðabók frá 1686.³⁵ Í manntali frá 1703 eru fjórir skráðir til heimilis en tólf þegar flest er árið 1860.³⁶ Árið 1708 var jörðin í eyði „og hefur í eyði legið síðan í næstu fardögum. [...] Þessi jörð hefur lagst í eyði vegna fólkfæðu síðan bólusóttina, aftur má hana byggja ef fólk til fengist. Enginn brúkar þessa jörð þetta ár til neinna gagnsemda.“³⁷

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Kjalarland	1686 ³⁸	Bændaeign	16	0,96	-
Kjalarland	1696 ³⁹	Bændaeign	16	0,96	4
Kjalarland	1708 ⁴⁰	Bændaeign	16 (12/4)	-	-
Kjalarland	1847 ⁴¹	Bændaeign	16	0,9	3
Kjalarland	1861 ⁴²	-	9,2	-	-

Um jörðina segir í jarðabók frá 1708 „Torfrista næg, stúnga lök. Lýngrif og hrísrif til eldiviðar bjarglegt. Túninu grandar sandfok úr melholti, sem nálægt er túninu. Engjar öngvar.“⁴³ Jörðin er svo metin í Fasteignamati frá 1916-1918: „Túnið er talið 9-10 dagsl. Það er í góðri rækt og grasgefið, en þó nokkuð harðlent, að mestu slétt eða greiðfært. Mætti auka það út að nokkru. [...] Engjar litlar og reitingslegar á dreif um bithaga, að nokkru votlendar, óvéltækar. Hey holl,, en fremur létt. Stutt á engjar og vegur ekki slæmur. Má ætla að heyja megi í meðalári um 200hb. Engjar ógirtar.“⁴⁴

Sel

Í sóknalýsingu frá 1873 segir að á Brunnárdal hafi verið Hafursstaðasel hið gamla og hið nýja og Kjalarlandssel í Selhvammi, skammt norðan Brunnár.⁴⁵

³⁵ Björn Lárusson, 240.

³⁶ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 10. janúar 2012.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 445.

³⁸ Björn Lárusson, 240.

³⁹ Sama.

⁴⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 445.


⁴¹ Jarðatal á Íslandi, 246.

⁴² Ný jarðabók, 91.

⁴³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 445.


⁴⁴ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjalarland nr. 264.

⁴⁵ Sýslu- og sóknalýsingar I, 157.



Mynd 23. Á myndinni er túnakort frá 1920 lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Höfundur kortsins er Ágúst B. Jónsson. Á kortinu má sjá þau hús sem voru í Kambakoti upp úr aldamótum 1900. Bærinn nr. 1, fjósið nr. 2, matjurtagarður nr. 3 og skemma á bæjarhlaði nr. 4. Heimreiðin liggur til suðurs og er nr. 5. Túngarður var hringinn í kringum túnið, nr. 6 og brunnhús nr. 7. Fjárhús eru nr. 8 og 9 og að lokum hesthús nr. 10 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Kambakots).

Fornleifaskráning



Kjarland-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Dæld

Staðhættir

Gamli bærinn stóð syðst í gamla túninu.

Lýsing

Búið er að rífa bæinn en þó sér móta fyrir dældum í túninu og einhver gróður skil eru þar sem bærinn stóð. Dældirnar eru um 20sm djúpar. Þess ber að geta að tún var óslegið þegar skráning fór fram sumarið 2011.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós syðst í túni. Um bæjarhús segir í fasteignamati 1916-1918: baðstofa er alþiljuð með skarsúð og heilpilstafni en að öðru leyti eru torfveggir og torfpak. Húsið er sagt gott og nýtt. „Önnur bæjarhús og geymsluhús lítilfjörlega torfhús, flest gömul, en ekki óstæðileg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Kjarland nr. 264).

Kjarland-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Dæld

Staðhættir

Gamli bærinn stóð syðst í gamla túninu og sambyggt við hann var fjósið.

Lýsing

Búið er að rífa bæinn en tvær litlar dældir um 20sm djúpar eru í túninu og einhver mismunur er á gróðri þar sem hann stóð. Þess ber að geta að tún var óslegið þegar skráning fór fram sumarið 2011. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós syðst í túni. Í fasteignamati er sagt að fjós rúmi 5 nautgripi (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjalarland nr. 264).

Kjalarland-3

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós syðst í túni og sunnan þess kálgarður.

Lýsing

Þarna er nú slétt tún og ekkert sést eftir af kálgarðinum. Þess ber að geta að tún var óslegið þegar skráning fór fram sumarið 2011. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður af túninu voru Kálgarðsmóar, [...]“ (JÓB, 1).

Kjalarland-4

Hlutverk: Skemma

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós syðst í túni og vestan þess skemma.

Lýsing

Skemman er horfin í tún en tvær litlar dældir um 20sm djúpar eru í túninu og einhver mismunur er á gróðri þar sem bæjarhúsin stóðu. Þess ber að geta að tún var óslegið þegar skráning fór fram sumarið 2011. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Kjalarland-5

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 liggur heimreið til suðurs frá bænum.

Lýsing

Heimreiðin er nú komin undir slétt tún en sunnan túnsins sjást götur sem liggja til suðurs og ná a.m.k. að stekkjartóftum nr. 29-32.



Mynd 24. Horft er eftir túngarðinum, norðan túns, til VNV.

Kjarland-6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður er enn N og SA við túnið.

Lýsing

Garðlagið sem er norðan túnsins er um 80m langt og liggur frá vestri til norðausturs. Það er 10-80sm hátt, og mest um 1,5m á breidd, grasi gróið að sunnan en ber grjóthleðsla er að norðan. Svolítið er hrúnið úr hleðslunni á köflum. Sá hluti

garðlagsins sem er suðaustan við túnið liggur í boga úr norðri og beygir til vesturs. Það er um 120m langt og 40-100sm hátt, mest um 2m að breidd.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er torfgarður sýndur í kringum túnið og í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Girt að öllu, með grjótgarði á 3 vegu, en skurði á einn veg og túnauki nokkur eða nátthagi girtur með gaddavír.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Kjarland nr. 264).

Kjarland-7

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í túnjaðrinum að SV, um 170m SV af íbúðarhúsinu á Kjarlandi er tóft.

Lýsing

Tóftin er nokkurn veginn hringlaga um 4m að þvermáli. Veggir eru þýfðir og mikill gróður á tóftinni en innst í henni sér í brunn sem virðist hlaðinn úr grjóti og í honum er timbur. Veggir eru 30-40sm háir og mest um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er brunnhús í vesturhluta túns.



Kjarland-8

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti eru tvenn fjánhús, annað nyrst í túni.

Lýsing

Búið er að rífa fjárhúsin og slétta yfir og er nákvæmt staðsetning þeirra ekki þekkt. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti og má því gera ráð fyrir allt að 20-30m skekkju. Jónmundur

Ólafsson fyrrum bóndi í Kambakoti mundi eftir útihúsunum sem öll stóðu norður og upp af bænum á svipuðum slóðum og húsin standa í dag (14.03.2012).

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati eru peningshús sögð rúma 170 sauðfjár (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjarland nr. 264).

Kjarland-9

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti eru tvenn fjárhús, annað skammt norðaustur af bænum.

Lýsing

Búið er að rífa fjárhúsin og slétta yfir og er nákvæm staðsetning þeirra ekki þekkt. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti og má því gera ráð fyrir allt að 20-30m skekkju. Jónmundur Ólafsson fyrrum bóndi í Kambakoti mundi eftir útihúsunum sem öll stóðu norður og upp af bænum á svipuðum slóðum og húsin standa í dag (14.03.2012).

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati eru peningshús sögð rúma 170 sauðfjár (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjarland nr. 264).

Kjarland-10

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti eru tvenn fjárhús og nokkurn veginn á milli þeirra hesthús.

Lýsing

Búið er að rífa fjárhúsin og slétta yfir og er nákvæmt staðsetning þeirra ekki þekkt. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti og má því gera ráð fyrir allt að 20-30m skekkju. Jónmundur Ólafsson fyrrum bóndi í Kambakoti mundi eftir útihúsunum sem öll stóðu norður og upp af bænum (14.03.2012).

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir: „Vestur af Kattarhól er Hesthúsgrund.“ (JÓB, 2). Í fasteignamati eru peningshús sögð fyrir 12 hross (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.02.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjarland nr. 264).



Mynd 25. Varða á brún árgils Hallár. Horft er til norðvesturs og sér í Skagaströnd í baksýn.

Kjalarland-11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Fram á brún árgils Hallár um 220m norður af íbúðarhúsinu á Kjalarlandi er varða.

Lýsing

Varðan er um 70sm há og 1,5x1m að grunnmáli.



Mynd 26. Horft er yfir vörðuna til vesturs niður með Hallá.

Kjalarland-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt eða ógrónum melhólum við Hallá, NA af N-enda Kjalar (um 550m NA frá Kjalarlandsbænum) eru tvær vörður og ein steinalögn.

Lýsing

Nyrst þeirra og næst Hallá er 50sm há varða sem er um 1x1m að grunnmáli.



Mynd 27. Horft er til vesturs og sést árgil Hallár í baksýn.

Kjalarland-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt eða ógrónum melhólum við Hallá, NA af N-enda Kjalar (um 550m NA frá Kjalarlandsbænum) eru tvær vörður og ein steinalögn.

Lýsing

Tæplega 130m suður af vörðu nr. 23 er um 40sm há varða, 1x0,6m að grunnmáli.

Kjalarland-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Á lítt eða ógrónum melhólum við Hallá, NA af N-enda Kjalar (um 550m NA frá Kjalarlandsbænum) eru tvær vörður og ein steinalögn.

Lýsing

Tæplega 100m SV af vörðu nr. 13 er steinalögn sem virðist manngerð en hlutverk er óvíst. Hleðslan er nokkurn veginn hringlaga en nokkrir stærri steinar eru innan hringsins sem er lyngi gróinn en melurinn annars gróðursnauður. Hún er um 20sm há og tæplega 2m að þvermáli.



Mynd 28. Steinalögn á ógrónum mel sunnan Hallár.



Mynd 29. Horft er yfir mógrafirnar inn Hallárdal til ANA.

Kjalarland-15

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 400m austur af Kili (700m austur af bæjarhúsum á Kjalarlandi), handan við Flóa sem hefur verið þurrkaður upp eru mógrafir. Þær eru norðaustan við lítt eða ógróna melhóla.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 1300m² og mest um 1m djúpar.

Kjalarland-16

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 400m austur af Kili (700m austur af bæjarhúsum á Kjalarlandi), handan við Flóa sem hefur verið þurrkaður upp eru mógrafir (nr. 15). Á mel austan við grafirnar eru mótóftir.

Lýsing

Um 15m austur af mógröfunum er þúst sem er um 4m að þvermáli og um 20sm há. Hún er hringlaga, algróin og virðist gömul.

Kjalarland-17

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 400m austur af Kili (700m austur af bæjarhúsum á Kjalarlandi), handan við Flóa sem hefur verið þurrkaður upp eru mógrafir (nr. 15). Á mel austan við grafirnar eru mótóftir.

Lýsing

Tæplega 25m austur af mógröfunum er tóft sem liggur austur-vestur 3,5x4,5m að utanmáli. Veggir eru 10-20sm háir, algrónir og tóftin virðist gömul.



Mynd 30. Grjóthrúga/varða á Kili. Horft er til NV og sést Skagastrand í baksýn.

Kjalarland-18

Hlutverk: Óþekkt, varða?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Kjölur er stór aflangur melhryggur sem liggur norður/suður yfir Kjalarland og nær næstum merkja á milli. efst á honum eru tvær grjóthrúgur, mögulega vörður.

Lýsing

Nyrðri hleðslan er um 50sm há og 1,5x2m að ummáli. Melurinn umhverfis hana er ógróinn en lynggróður er næst grjóthrúgunni. Aldur er óviss.



Mynd 31. Grjóthrúga/varða á Kili. Horft er til NV og sést Skagaströnd í baksýn.

Kjalarland-19

Hlutverk: Óþekkt, varða?


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Kjölur er stór afgangur melhryggur sem liggur norður/suður yfir Kjalarland og nær næstum merkja á milli. efst á honum eru tvær grjóthrúgur, mögulega vörður.

Lýsing

Syðri hleðslan er um 30sm há og 0,75x1,25m að ummáli. Melurinn umhverfis hana er ógróinn en smá mosi og lyng liggur umhverfis grjótið. Aldur er óviss.



Kjalarland-20

Sérheiti: Kjalarlandssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,6km SA af Kjalarlandsbænum, í grónum hvammi [Selhvammi] við Brunná eru tóftir. Þær eru sex talsins, fjórar þeirra liggja hærra í hvamminum en tvær á lítilli gróinni eyri alveg við ána.

Lýsing

Þrískipt tóft, líklega seltóftin sjálf liggur vestust tóftanna sem eru ofar í hvamminum. Hún er aflöng og liggur norður/suður, 5x11m að utanmáli. Nyrst er hólfi með dyrum mót vestri en sunnan þess tvískipt hólfi, innangengt með dyrum til suðurs. Veggir eru 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Þeir eru algrónir, hlaupnir í þúfur og mikill gróður er í og á tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Landamerki Kambakots: „Í norður frá Kambakotsbæ liggur hvammur í Brunnarágili, sem heitir Selhvammur. Seltóftir eru hinum megin ár, í Kjalarlandsseldi, sem hvammurinn dregur nafn af.“ (ÖPJ, 1).

Í örnefnaskrá segir: „Skammt suður og austur af henni [Kjalarbreið sem er suður af Kili] hét Selhvammsholli, austur af því Selhvammur, þar austur af Brunnárdalur“ (JÓB, 1). „Selhvammur er ofarlega við Hafursstaðaána.“ (GJ, 1).

Kjalarland-21

Sérheiti: Kjalarlandsseld

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við seltóftina (sjá nr. 20) er önnur tóft minni.

Lýsing

Hún snýr dyrum til vesturs í átt að seltóftinni. Hún er 4x4m að utanmáli, veggir eru algrónir og þýfðir, 20-30sm háir og rúmlega 1m á breidd.

Kjalarland-22

Sérheiti: Kjalarlandsseld

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft?

Staðhættir

Um 10m austur af seltóftinni (nr. 20) er mögulega tóft.

Lýsing

Meint tóft, sem líka gæti verið náttúrulegt fyrirbrigði, liggur NNA/SSV og er 4x7m að utanmáli. Dyr hafa að líkindum snúið til vesturs. Veggir eru algrónir og svolítið þýfðir 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Kjalarland-23

Sérheiti: Kjalarlandsseld

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft?

Staðhættir

Um 20m austur af seltóftinni (nr. 20) er fremur óljós tóft.

Lýsing

Hún er 5x5m að utanmáli, veggir 30-50sm háir, algrónir grasi og þýfðir. Mesta breidd veggja er rúmlega 1m. Dyr hafa að líkindum snúið til suðurs.

Kjalarland-24

Sérheiti: Kjalarlandssel

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum getur stafað hætta vegna nálægðar við vatnsfall

Staðhættir

Vestari tóftin af tveimur sem liggja lægra en seltóftin, á norðurbakka Brunnár virðist vera stekkjartóft.

Lýsing

Hún er tvískipt, 4x9m að utanmáli og liggur VNV/ASA. Króin er til VNV og hefur hlið verið á henni mót suðri. Réttin er til ANA og hefur hlið á henni snúið til austurs. Norðurveggur hennar er myndaður af brekkunni. Veggir eru 30-50sm háir, rúmlega 1m á breidd og algrónir en tóftin vel greinanleg.

Kjalarland-25

Sérheiti: Kjalarlandssel

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft


Hættumat: Minjunum getur stafað hætta vegna nálægðar við vatnsfall

Staðhættir

Austari tóftin af tveimur sem liggja lægra en seltóftin, á norðurbakka Brunnár virðist vera kvíatóft.

Lýsing

Hún liggur NV/SA, 4x7m að utanmáli og hefur hlið verið til NV. Veggir eru algrónir grasi og nokkuð hrundir, 20-60sm háir og mest um 2m á breidd.



Kjalarland-26

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróinni eyri á norðurbakka Brunnár, neðan undir brattri fjallshlíðinni virðast vera þrjár tóftir í stórbýfðu umhverfi. Sökum þess hve þýft er þarna er erfitt að greina þær í landslagi og gætu einhverjar þeirra verið a.m.k. að hluta náttúruleg fyrirbæri.

Lýsing

Vestasta tóftin er 3x4m að utanmáli með dyr eða hlið til norðurs. Veggir eru stórbýfðir og algrónir, 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Kjalarland-27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróinni eyri á norðurbakka Brunnár, neðan undir brattri fjallshlíðinni virðast vera þrjár tóftir í stórbýfðu umhverfi. Nokkuð erfitt er að greina þær í landslagi og gætu einhverjar þeirra verið a.m.k. að hluta náttúruleg fyrirbæri.

Lýsing

Fyrir miðju virðist vera þrískipt tóft en nákvæma lögun er erfitt að greina vegna þess hversu stórbýft er þarna. Veggir eru 40-606sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin liggur norður/suður og gætu dyr eða hlið hafa verið til norðurs og vesturs. Hún er 6x7m að utanmáli.

Kjalarland-28

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróinni eyri á norðurbakka Brunnár, neðan undir brattri fjallshlíðinni virðast vera þrjár tóftir í stórbýfðu umhverfi. Nokkuð erfitt er að greina þær í landslagi og gætu einhverjar þeirra verið a.m.k. að hluta náttúruleg fyrirbæri.

Lýsing

Þriðja og austasta tóftin liggur austur/vestur með dyr mót vestri. Hún er 3x4m að utanmáli, veggir stórbýfðir, 40-60sm að utanmáli og rúmlega 1m á breidd.



Kjalarland-29

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Kjalarbrekku/Kjalarbrekku sunnan undir Kili um 600m suður af Kjalarlandsbænum eru þrennar tóftir sem liggja í hnapp, líklega allt stekkjartóftir.

Lýsing

Nyrsta tóftin er aflöng og snýr norður/suður en veggur gengur út til SV frá tóftinni, líklega til að auðvelda innrekstur. Króin er til norðurs og er innangengt í réttina sem er sunnan við og er hlið út úr henni til vesturs. Veggir eru algróinir og þýfðir, að nokkru hrundir, 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Smá stallur er undir tóftinni og gæti hún verið byggð á eldri minjum.

Kjalarland-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í norður frá stekkjartóft nr. 29 er garðlag.

Lýsing

Það er alls um 100m langt og liggur í boga til NV. Hann er 30-100sm hár, hærri að neðan (vestan) og hækkar er sunnar dregur og er hæstur þar sem hann endar við stekkjartóft nr. 29. Garðlagið er lyngi gróið og virðist gamalt. Óvíst er hvort það tengist stekkjartóftunum sem þarna eru eða hvort hann hafi tengst eldri minjum á svæðinu en líklegt er að a.m.k. einn stekkjanna sé byggður á eldri minjum. Hlutverk er óvíst.

Kjalarland-31

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Kjalarbrekku/Kjalarbrekku sunnan undir Kili um 600m suður af Kjalarlandsbænum eru þrennar tóftir sem liggja í hnapp, líklega allt stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin fyrir miðju er tvískipt, rétt til norðurs en kró til suðurs, 5x9m að utanmáli. Hlið hefur verið á réttinni til vesturs og innangengt í króna. Tóftin er algróin, veggir nokkuð hrundir, 20-80sm háir, hæstir upp í brekkuna til austurs. Þeir eru mest rúmlega 1m á breidd. Norðan við tóftina er veggjalag sem líklega tilheyrir umræddri tóft.

Kjalarland-32

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Kjalarbrekku/Kjalarbrekku sunnan undir Kili um 600m suður af Kjalarlandsbænum eru þrennar tóftir sem liggja í hnapp, líklega allt stekkjartóftir.

Lýsing

Syðsta tóftin er í lyngi gróinni brekku, snýr norður/suður, 3x9m að utanmáli. Veggir eru frekar illa farnir og sumstaðar mjög lágir, þeir eru um 10-30sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Tóftin stendur nokkuð hátt og er líklega byggð á eldri minjum.



Kjarland-33

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Kjalbrekku/Kjalarbrekku sunnan undir Kili, 600-900km suður af Kjalarlandsbænum eru farnar tóftir, líklega allar stekkjartóftir. Syðst í Kjalbrekku/Kjalarbrekku er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 4x12m að utanmáli og snýr NV/SA. Réttin er til NV,

mögulega með hlið til suðurs og vesturs en króin liggur til SA og hafa dyr á henni snúið til SV. Veggir eru 20-60sm háir, hæstir til NA þar sem hann er hlaðinn upp við brekkuna, þeir eru mest um 1m á breidd. Króin liggur eilítið hærra en réttin. Tóftin er lyngi gróin og fellur vel að umhverfi sínu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „[...] austan við þau var Kjölur, vestan í honum Kjalbrekka, syðst í henni Stekkur.“ (JÓB, 1).

Kjarland-34

Hlutverk: Mógröf?


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Tæplega 550m vestur af íbúðarhúsinu á Kjarlandi, vestan þjóðvegur er niðurgröftur, mögulega mógröf.

Lýsing

Niðurgröfturinn er tæplega 60m að flatarmáli, nánast ferhyrnd og um 60sm djúp, grasi gróin.



Kjalarland-35

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austanverðum árbakka Hallár, rétt um 900m VSV af íbúðarhúsinu á Kjalarlandi, vestan þjóðvegur er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur/vestur, er tvískipt með kró, sem stendur u.þ.b. 30sm hærra, til austurs en rétt til vesturs og hefur hlið verið á henni til sömu áttar. Tóftin er 4x8m að utanmáli og virðist garðlag liggja frá henni til vesturs sem að líkindum hefur verið til að auðvelda innrekstur. Veggir eru þýfðir, 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd og nokkuð fallnir. Sunnan við tóftina er þúfnakragi sem er sléttur að innan og gæti verið mannvirki og þá að líkindum tengt stekknunum.



Mynd 32. Horft yfir niðurgröftinn til suðurs. Árgil Hallár er lengst til hægri.

Kjalarland-36

Hlutverk: Mógröf, torftekja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Tæplega 80m SSA af stekkjartóft nr. 35 er niðurgröftur, mögulega mógröf eða torftökusvæði

Lýsing

Hann er tæplega 160m² og 30-50sm djúpur.

Kjalarland-37

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fram á klettabrún við árgil Hallár við svonefnda Fossa, um 100m suður af stekkjartóft nr. 35 er tóft.

Lýsing

Hún liggur frammi á brún, samsíða henni frá norðri til suðurs, og er hluti af henni rofinn til vesturs. Utanmál er um 6x11m, veggir 20-50sm háir og mest rúmleg 1m á breidd. Tóftin er þrískipt og hafa dyr snúið til vesturs. Austurenda tóftar virðist grafinn í landið og sameinast útveggir þar umhverfinu. Tóftin er algróin og mikið gras var á henni þegar skráning fór fram.

Kjalarland-38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melunum norður af merkjum milli Hafursstaða og Kjalarlands rúmlega 900m SV af íbúðarhúsinu á Kjalarlandi er varða.

Lýsing

Varðan er um 40sm há og grunnmál hennar er um 1,5x1,5m.



Mynd 33. Varða nr. 38. Horft er til NA heim að Kjalarlandi.

Kjalarland-39

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Hafursstaða segir: „Úr Sláttuhvammi við Halladalsá [svo] ræður áin merkjum milli Kjalarlands og Vindhælis upp í stein í oddanum á Stóranesi, norðan við ána; þaðan ræður bein stefna til suðurs yfir um, upp í kringlóttan mel fyrir austan Kjalarlandsdökkir, svo þaðan í hátoppinn á Hafurfelli, sem er vestasti hnjúkur á fjallgarði þeim, er skilur Halladal og Brunnárdal. Þessi merkjalína er auðkennd með merkjavörðum.“ (Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1889), nr. 94).

Lýsing

Engar vörður fundust á merkjum milli Blálands og Kjalarlands en tvennar vörður (nr. 12 og 13) eru á mel sunnan Hallár, gegnt vesturenda Stóraness.

Kjalarland-40

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Hafursstaða segir: „Að sunnan ræður merkjum, milli Kjalarlands og Hafursstaða, bein lína úr áðurnefndum Sláttuhvammi yfir Klofasteina, suður og upp í Hrafnabrík, eins og merkjavörður sýna, [...]“ (Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1889), nr. 94).

Lýsing

Engar vörður fundust á þessu svæði.

Kjalarland-41

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kvíaból var sunnan túns, nú orðið töðuvöllur [komið í tún].“ (GJ, 1).

Lýsing

Slétt tún er nú sunnan gamla túnsins og engin merki um minjar fundust. Óvíst er hvort þarna hafi verið kvíar eða færirkvíar.

Kjalarland-42

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frímannshús var lítill kindakofi suður á túni, sem kenndur var við Frímann Guðmundsson [d. 1904] bónda [í Kjalarlandi].“ (GJ, 1).

Lýsing

Fjárhúsin eru horfin og líklega komin undir slétt tún.

Kjalarland-43**Hlutverk:** Áveita?**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Norðaustur af Dokkaflóa heita Krókar, vestan við þá heita Krókamelar, þar vestur af Veituhólar, vestur af þeim er Veita, þar vestur af Kattarhóll [...].“ (JÓB, 2).

Lýsing

Óvíst er hvort örnefnið merki áveitur en engin merki fundust um slíkt við skráningu 2011.

Samantekt

Alls voru skráðar 129 fornleifar á jörðunum þremur, en það er sá fjöldi sem skráður er upp úr heimildum og þær sem fundust á vettvangi. Af þeim voru 23 minjar sem eru horfnar af yfirborði en skráðar með aðstoð heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara og er skekkjumarka getið í texta um minjarnar.

Hafursstaðir, Kambakot og Kjalarland eiga það sameiginlegt að bæjarhúsin hafa verið færð um eða fyrir miðja 20. öld og hafa gömlu bæjartóftirnar varðveist á tveimur fyrrnefndu jörðunum. Kambakot er hjáleiga frá Hafursstöðum og þar er lang minnst að finna af fornleifum en á hinum jörðunum tveimur er töluvert af vel varðveittum minjum bæði innan og utan túns. Hluti minjanna eru hefðbundnar búsetuminjar frá 18. -20. öld. s.s. bæjartóftir, útihús, stekkir mógrafir og mótóftir svo eitthvað sé nefnt. Á Brunnárdal og í Selhvammi eru vel varðveittar minjar um seljabúskap og þar var búið á einhverjum tíma. Útræði var frá Hafursstaðavík og þar eru enn tóftir sjóbúða og nausta.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar horfnar minjar*	Hlutfall horfinna óstaðsettra minja
Hafursstaðir/kot	67	13	4	6%
Kambakot	19	2	4	21%
Kjalarland	43	8	..**	-
Samtals	129	23	-	-

*Í flokknum óstaðsettar/horfnar minjar eru þær sem að heimildir eru til um en fundust ekki á vettvangi.

** Ekki er hægt að gera tölfræði vegna þess að getið er um landamerkjavörður sem ekki fundust en ekkert er vitað um fjölda þeirra.

Minjar í landi Hafursstaða og Hafursstaðakots

Fjölmargar minjar er að finna í landi Hafursstaða, bæði innan túns og utan. Tóftir gamla bæjarins standa sunnan Hafursstaðaár (nr. 1) og en áfast honum var fjós (nr. 2). Vestan við bæinn eru dældir (nr. 4) sem gætu verið leifar skemmu. Á brekkubrún austan og ofan við bæ er garðlag, leifar túngarðs/a (nr. 6 og 7) og við suðurenda þeirra er tóft (nr. 8). Sunnar í túninu eru leifar fjárhústóftar (nr. 5) og enn sunnar er óljóst tóft (nr. 9) og hóll (nr. 10). Hafursstaðakot var líka sunnan ár og sjást leifar bæjarins (nr. 58) og fjárhúss (nr. 59) í túni sem búið er að slétta. Einnig sjást dældir (nr. 60) við tóftirnar sem gætu verið leifar bygginga. Túngarður (nr. 61) er norðan við túnið meðfram bökkum Hafursstaðaár. Enn sér fyrir heimreiðinni (nr. 62) til norðurs frá bæjartóftinni. Norður við merki Kjalarlands og Hafursstaða eru tóftir, tvær vel greinilegar (nr. 28 og 29) gætu verið stekkir eða beitarhús og virðast gamlar. Við þær eru tvær óljósari tóftir (nr. 30 og nr. 31). Nokkuð austar er merkjavarða (nr. 27). Útræði var frá Harrastöðum og við sjóinn eru búðartóftir (nr. 11-12) og naust (nr. 14) og aðrar minni, mögulega kofatóftir (nr. 13, 15). Norður af Hafursstaðaárósi eru mógrafir og mótóftir (nr. 16-22). Sunnan við árósin fram á sjávarbakkanum er tóft, mögulega sjóbúð (nr. 23) og við hana tvær minni tóftir (nr. 24 og 25). Suðaustur af tóftum nr. 23-24 er hóll sem nefnist Náttmálahóll, eyktarmark frá Hafurstöðum. Tæplega 500m suður af árósnum er garðlag (nr. 26). Þá eru taldar minjar sem eru vestan þjóðvegjar. Austan þjóðvegjar og austur að merkjum við Kambakot og norður að merkjum við Kjalarland er líka nokkuð af

minjum. Norðan ár er hrunin hleðsla (nr. 32), varða eða smalakofi. Vað (nr. 33) var á Hafursstaðaa í Vaðhvammi. Á melrana austur og upp af vaðinu er steinhleðsla (nr. 36) og varða (nr. 35) í suðvestur frá henni. Sunnanvert á svonefndum Rana er stekkjartóft (nr. 34). Lítt gróin holt eru á merkjum og á einu þeirra er grjóthleðsla (nr. 38) og önnur (nr. 37) vestar. Vestur undir holti sem er á merkjum Hafursstaða og Kambakots er niðurgroftur, líklega mógröf (nr. 39). Hlaðin varða (nr. 40) er við beygju á heimreiðinni þar sem hún beygir til austurs heim að bæ. Hafursstöðum tilheyrir töluvert land á Brunnárdal og þar eru tóftir tveggja selja. Brunnárdalssel/Hafursstaðasel er vestur undir svonefndum Selhólum, þar eru fjölmargar tóftir sem gætu verið frá mismunandi tímum en búið var á selinu um tíma. Bæjar-/seltóftin (nr. 42) stendur á bæjarhól (nr. 41) og vestur undir honum er tóft, líklega kvíar (nr. 43). Suðvestan hans eru tvær tóftir (nr. 45 og 46) og gætu hafa tilheyrt hvorutveggja selinu eða býlinu. Suðaustan við bæjarhólinn er tóft (47), mögulega kvíar, sem virðist eldri en fyrnefndar tóftir. Þrennar tóftir (nr. 48-50), svipaðar að gerð, mögulega kvíar, eru sunnar og nær Brunnárdalsá. Rúman kílómetra vestur af selinu er aflöng tóft (nr. 51) sem svipar til heytóftar. Hafursstaðasel (hið eldra) liggur við Brunnárdalsá, tæplega 2km vestur af fyrnefndu seli, utar á dalnum. Þar eru fernar tóftir (nr. 52-55); stór seltóft (nr. 52), sunnan hennar minni tóft (nr. 53) og austan við eru tóftir kvía (nr. 54). Suðaustan seltóftarinnar er tvískip tóft (nr. 55) en hlutverk hennar er óvíst.

Minjar í hættu

Alls eru 16 minjar skráðar í hættu í landi Hafursstaða, þar af 4 í mikilli hættu en 12 í hættu. Landbrot vegna nálægðar við sjó eða önnur vatnsföll er ástæðan í 13 tilvikum en nálægð við veg í tveimur og ein fornleif er talin í hættu vegna rofs. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Orsök	Norðun	Austun
6	13297		garðlag	túngarður	hætta	vegagerð	587770,91	442460,12
8	13299		tóft	óþekkt	hætta	vegagerð	587760,77	442459,66
11	13302		tóft	verbúð	mikil hættu	landbrot	587940,39	441597,92
12	13303		tóft	verbúð	hætta	landbrot	587942,38	441602,71
13	13304		tóft	óþekkt	mikil hættu	landbrot	587952,93	441596,43
14	13305		tóft	verbúð	hætta	landbrot	587899,80	441610,48
15	13306		þúst	óþekkt	mikil hættu	landbrot	587884,62	441609,47
21	13312		tóft	mókofi	hætta	landbrot	587857,49	441620,48
22	13313		tóft	mókofi	hætta	landbrot	587841,04	441633,48
23	13314		tóft	naust	hætta	landbrot	587710,15	441622,52
24	13315		tóft	naust	mikil hættu	landbrot	587700,55	441612,87
25	13316		niðurgroftur	óþekkt	hætta	landbrot	587695,08	441613,45
26	13317		garðlag	óþekkt	hætta	landbrot	587326,41	441566,75
34	13325		tóft	stekkur	hætta	rof	587781,36	443073,00
51	13342	Hafursstaðasel (eldra)	tóft	sel	hætta	landbrot	587441,96	445217,18
52	13343	Hafursstaðasel (eldra)	tóft	óþekkt	hætta	landbrot	587438,39	445214,17

Minjar í landi Kambakots

Gamli bærinn í Kambakoti stóð norðan bæjarlækjar, norðaustur af núverandi íbúðarhúsi sem er sunnan lækjarins. Hann brann árið 1949. Á bæjarhólnum (nr. 1) eru tóftir bæjar og fjóss (nr. 2 og 3) og matjurtagarðs (nr. 4). Austur og upp af bænum eru leifar brunnhúss (nr. 9) og garðleifar sem líklega eru leifar matjurtagarðs (nr. 8). Norðaustur af hólnum eru beðasléttur (nr. 10) og enn norðar og austar stendur hesthústóft (nr. 7) á skurðbakka. Lítill skurður (nr. 16) er við norðausturmörk gamla túnsins, mögulega handgrafinn. Vestan við gamla túnið voru mógrafir (nr. 14) og sést marka fyrir þeim. Tæplega 600m norðvestur af bæjarhólnum er stekkjartóft (nr. 11). Í hvammi við Brunná sem skiptir löndum Kambakots í suðri og Kjalarlands í norðri er tóft (nr. 12) en hlutverk hennar er óvíst. Á stórgrýttri brekkubrún tæplega 600m austur af íbúðarhúsinu er steinalögn (nr. 13). Á merkjum Kambakots og Syðri-Eyjar er merkjavarða (nr. 15).

Minjar í hættu

Aðeins ein fornleif er talin í hættu í landi Kambakots en hluti hennar er þegar horfinn. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Nr.	Fvrnr	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Orsök	Austun	Norðun
7	13361	tóft	fjárhús	hætta	rof	443859,74	587343,23

Minjar í landi Kjalarlands

Gamli bærinn (nr. 1) stóð syðst og neðst í túninu, áfast honum var fjós (nr. 2), kálgarður (nr. 3) sunnan við bæinn og skemma framan við hann (nr. 4). Túngarður (nr. 6) var um allt túnið, ýmist hlaðinn úr torfi eða grjóti. Hann sést enn norðan og suðaustan túnsins. Vestur og niður frá bænum, í jaðri túnsins er tóft brunnhúss (nr. 7). Búið er að slétta yfir útihús sem voru í og við tún, tvenn fjárhús (nr. 8 og 9) og hesthús (nr. 10). Við árgil Hallár, norður af bænum er varða (nr. 11) og rúma 500m norðaustur af bænum eru tvær vörður (nr. 12 og 13) á gróðurvana melhólum við Hallá. Vestan þeirra er steinhleðsla (nr. 14), manngerð en hlutverk óvíst. Á lágu holti suðaustur af vörðunum (nr. 12 og 13) eru tvær mótóftir og vestur undir norðurenda holtsins er mógröf (nr. 15). Efst á Kili eru tvær vörður (nr. 18 og 19). Í Selhvammi við Brunná eru seltóftir, tvær greinilegar (nr. 20 og 21) en austan þeirra tvær mun ógreinilegri (nr. 22 og 23). Sunnan selsins við Brunná eru tvennar tóftir, stekkjjar (nr. 24) og kvía (nr. 25). Sunnan og suðvestan undir Kilinum eru fjórar stekkjartóftir, syðst þeirra er stök stekkjartóft (nr. 33) en nokkuð norðar liggja þrjár tóftir í röð frá norðri til suðurs (Nr. 29, 31 og 32). Norðan nyrstu tóftarinnar er garðlag (nr. 30) en hlutverk þess er óvíst. Þá eru taldar þær minjar sem eru austan þjóðvegjar. Vestan vegar er niðurgröftur (nr. 34), mögulega mógröf. Austan við árgil Hallár er mögulega stekkjartóft (nr. 35), mógröf (nr. 36) og tóft (nr. 37) með óskilgreindu hlutverki. Í suðvesturhorni jarðarinnar er varða (nr. 38).

Minjar í hættu

Alls eru fjórar minjar í landi Kjalarlands taldar í hættu, allar vegna landbrots vegna nálægðar við vatnsfall. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Nr	Frvnr	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Orsök	Austun	Norðun
20	13390	tóft	sel	hætta	landbrot	443818,28	588060,94
21	13391	tóft	sel	hætta	landbrot	443820,80	588062,51
24	13394	tóft	stekkur	hætta	landbrot	443822,49	588041,71
25	13395	tóft	kvíar	hætta	landbrot	443832,22	588038,35

Áhugaverðar minjar til rannsókna

Töluvert er af vel varðveittum minjum og minjaheildum í landi ofanskráðra jarða sem væru áhugavert rannsóknarefni í byggðasögulegu samhengi og tilvalið væri að merkja til upplýsinga fyrir þá sem þar eiga leið um.

- Í Selhvammi í Kjalarlandslandi eru seltóftir (**nr. 20-25**) sem áhugavert væri að rannsaka með tilliti til aldurs.
- Annar hvammur er nokkuð austan Selhvamms og þar eru tóftir (**nr. 26-28**) en þeirra er hvergi getið í heimildum og bæði hlutverk þeirra og aldur er óþekkt.
- Merkingar mætti setja upp við Brunnárdals-/Hafursstaðasel (**nr. 41-49**) á Brunnárdal fyrir ferðafólk. Minjar á selinu, einkum þær sem virðast eldri, væri áhugavert að rannsaka m.t.t. aldurs.
- Einnig mætti setja upp skilti við Hafursstaðasel (eldra) (**nr. 51-54**) og skoða það m.t.t. aldurs en óvíst er hvenær farið var að hafa í seli þar.
- Minjum í Hafursstaðavík (**nr. 11-15, 23-25**) stafar hættu af landbroti og því mætti rannsaka þær með tilliti til aldurs og hlutverks.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University. Lund, 1967.

Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn V 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

Íslenzkt fornbréfasafn VIII 1261-1521. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1906-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn XI 1310-1550. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1915-1925.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1926.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J.Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Morgunblaðið 11. ágúst 2001, 42.

Morgunblaðið 6. október 1949, 16.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn, 1861.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla. Hið íslenska bókmenntafélag. Akureyri, 1950.

Tíminn, 6. október 1949, 2.

Óprentaðar heimildir

(ÖSG2) Hafursstaðir. Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Sigurði Guðlaugssyni. Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(ÖSG) Hafursstaðir Vindhælishreppi Austur Húnavatnssýslu. Skráð eftir Sigurði Guðlaugssyni. Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(ÖGJ) Kambakot. Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Jónmundi Ólafssyni. Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(ÖÓÓ) Kambakot. Skráð eftir Ólafi Ólafssyni, 1961. Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(GJ) Kjalarland. Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Sveinbjörgu Björnsdóttur.

Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(JÓB) Kjalarland. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir frásögn Sveinbjargar Björnsdóttur.

Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

(ÖPJ) Kambakot. Páll Jónsson skráði eftir Stefáni Stefánssyni. Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

Landamerkjabók Austur Húnavatnssýslu (1889) skjal nr. 94. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Landamerkjabók Austur Húnavatnssýslu (1890) skjal nr. 161. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Hafursstaðakotstún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hafursstaðatún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kambakotstún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjalarlandstún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimasíður

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kambakot nr. 261

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kjalarland nr. 264.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>.

Heimildamenn

Jóhann Ingi Ásgeirsson (f. 1970), bóndi í Kambakoti.

Jónmundur Ólafsson (f. 1934), fyrrum bóndi í Kambakoti.

Sigþór Hólm Þórarinnsson (f. 1963), eigandi Harrastaða.

Þröstur Línal Gylfason (f. 1956), eigandi Kjalarlands.

Fylgiskjöl

Hafursstaðir-hnitaskrá

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Norðun	Austun
1	13292	Hafursstaðir	tóft		híbyli		800	1920	greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	587792,07	442423,30
2	13293	Hafursstaðir	tóft		fjós		1800	1920	greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	587781,85	442426,05
3	13294		heimild		matjurta-garður		1800	1950	sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	587781,24	442431,47
4	13295		dæld		óþekkt	skemma	800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,2	587794,41	442407,14
5	13296		tóft		fjárhús		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587669,90	442394,60
6	13297		garðlag		túngarður	upphlað-inn vegur?	800	1900	greinanleg		hætta	vega-gerðar	0,2	0,7	587770,91	442460,12
7	13298		garðlag		túngarður?		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587818,36	442439,86
8	13299		tóft		óþekkt	hesthús?	1800	1900	greinanleg		hætta	vega-gerðar	0,2	0,6	587760,77	442459,66
9	13300		dældir		óþekkt		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,5	587578,22	442433,03
10	13301				óþekkt		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,3	587550,99	442439,02
11	13302		tóft		verbúð		1500	1900	illgreinanleg	landbrots	mikil hætta	land-brots	0,2	0,5	587940,39	441597,92
12	13303		tóft		verbúð?		1700	1900	vel greinanleg		hætta	land-brots	0,1	0,4	587942,38	441602,71
13	13304		tóft	púst	óþekkt	verbúð	1500	1900	illgreinanleg	landbrots	mikil hætta	land-brots	0,2	0,3	587952,93	441596,43
14	13305		tóft		verbúð	naust	1600	1900	greinanleg	landbrots	hætta	land-brots	0,2	0,4	587899,80	441610,48
15	13306		púst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	land-brots	0,2	0,3	587884,62	441609,47
16	13307		niður-gröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,5	587844,96	441700,65
17	13308		tóft		mótóft		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587891,11	441689,96
18	13309		niður-gröftur		óþekkt	mótóft?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	587890,82	441679,96
19	13310		tóft		mótóft		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587894,07	441669,61
20	13311		niður-gröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587845,82	441632,56
21	13312		tóft		mótóft?		1700	1900	vel greinanleg		hætta	land-brots	0,2	0,4	587857,49	441620,48

Hafursstaðir-hnitaskrá

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Norðun	Austun
22	13313		tóft		mótóft?	heyttóft?	1800	1900	vel greinanleg		hætta	land-brots	0,3	0,3	587841,04	441633,48
23	13314		tóft		naust	sjóbúð	1500	1800	greinanleg		hætta	land-brots	0,2	0,4	587710,15	441622,52
24	13315		tóft		naust	sjóbúð	1500	1900	greinanleg		mikil hætta	land-brots	0,2	0,3	587700,55	441612,87
25	13316		niður-gröftur		óþekkt		800	1900	greinanleg		hætta	land-brots	0,0	0,6	587695,08	441613,45
26	13317		garðlag		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		hætta	land-brots	0,0	0,2	587326,41	441566,75
27	13318		varða		óþekkt		1700	1950	heillegar		engin hætta		0,0	0,7	588409,35	442312,31
28	13319		tóft		óþekkt	fjárhús/ beitarhús/st ekkur	800	1700	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	588398,85	442180,69
29	13320		tóft		óþekkt	rétt, stekkur	1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	1,0	588419,95	442184,30
30	13321		tóft	náttúru- legt	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	588429,71	442166,53
31	13322		tóft	náttúru- legt	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	588420,55	442167,75
32	13323		hleðsla		óþekkt	varða, smalakofi	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587986,20	442703,36
33	13324	Vaðhvammur	heimild		leið		800	1900	Ómetið				0,0	0,0	587891,11	443206,99
34	13325		tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		hætta	rofs	0,3	0,6	587781,36	443073,00
35	13326		varða		óþekkt		1800	1900	heillegar		engin hætta		0,0	0,6	587812,78	443288,48
36	13327		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,1	587878,46	443339,63
37	13328		hleðsla		óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	587619,35	443234,61
38	13329		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,1	587649,96	443348,50
39	13330		niður-gröftur		óþekkt	mógröf	1900	2000	vel greinanleg		engin hætta		0,1	1,0	587356,43	443388,81
40	13331		varða		óþekkt		1800	1950	heillegar		engin hætta		0,0	0,7	587152,21	443032,31
41	13332	Brunnárdals- sel/Hafurs- staðasel	hóll		bæjarhóll		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	587458,08	447113,27

Hafursstaðir-hnitaskrá

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Norðun	Austun
42	13333	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóftaleifar		híbýli	sel	1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	587464,50	447124,46
43	13334	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		óþekkt	kvíar?	1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	587470,14	447106,67
44	13335	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		kvíar?		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	587455,39	447100,63
45	13336	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		óþekkt		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	587453,28	447093,84
46	13337	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		óþekkt	kvíar	1000	1700	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	587446,64	447142,30
47	13338	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		óþekkt	kvíar, fjárhús?	1000	1700	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	587398,89	447141,98
48	13339	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		óþekkt	kvíar?	1000	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	587381,48	447119,00
49	13340	Brunnárdals-sel/Hafurs-staðasel	tóft		kvíar		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	1,2	587359,51	447134,92
50	13341		tóft		heyttóft?		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	587311,25	446026,57
51	13342	Hafursstaðasel (eldra)	tóft		sel		1500	1800	greinanleg		hætta	land-brots	0,2	0,8	587441,96	445217,18
52	13343	Hafursstaðasel (eldra)	tóft		óþekkt		1500	1800	vel greinanleg		hætta	land-brots	0,2	0,3	587438,39	445214,17
53	13344	Hafursstaðasel (eldra)	tóft		kvíar		1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	587440,47	445227,08
54	13345	Hafursstaðasel (eldra)	tóft		óþekkt		1600	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	587419,55	445235,61
55	13346	Náttmálahóll	hóll		eyktarmark		800	0	ómetið		ómetið		0,0	0,0	587652,42	441658,26
56	13347		heimild		heimreið		800	1950	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	587845,87	442417,18
57	13348	Hafursstaðakot	hóll	dældir	bæjarhóll		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	587801,61	442217,68
58	13349	Hafursstaðakot	tóft		fjárhús		1800	1950	illgreinanleg	sléttunar			0,0	0,2	587799,41	442166,48

Hafursstaðir-hnitaskrá

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Norðun	Austun
59	13350	Hafursstaðakot	dæld		óþekkt		1800	1950	illgreinanleg	sléttunar			0,0	0,2	587786,16	442151,58
60	13351	Hafursstaðakot	garðlag		túngarður		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,9	587827,97	442114,50
61	13352	Hafursstaðakot	gata		heimreið		1900	1970	heillegar		engin hætta		0,0	0,2	587835,27	442222,23
62	13353	Hafursstaðakot	heimild		matjurta- garður		1850	1950	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	587782,98	442224,34
63	13354	Hafursstaðakot	dældir		fjós		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	587801,61	442217,68

Kambakot hnitaskrá

Nr.	Fvrnr	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Veggh. frá	Veggh. til	Austun	Norðun
1	13355	hóll		bæjarhóll		800	1949	vel greinanlegur		engin hætta	0,0	0,0	443762,19	587237,08
2	13356	tóft		híbýli		1800	1950	greinanleg		engin hætta	0,0	0,7	443785,26	587227,97
3	13357	tóft		fjós		1800	1950	greinanleg		engin hætta	0,0	0,7	443782,95	587241,68
4	13358	garðlag		matjurtagarður		1800	1950	greinanleg		engin hætta	0,2	0,4	443769,25	587224,04
5	13359	heimild		heimreið		0	1950	sést ekki	sléttunar		0,0	0,0	443762,37	587289,38
6	13360	heimild		fjárhús		800	1900	sést ekki	bygginga		0,0	0,0	443786,79	587116,82
7	13361	tóft		hesthús		1800	1900	greinanleg		hætta	0,2	0,7	443859,74	587343,23
8	13362	garðlag		matjurtagarður		1800	1950	greinanleg		engin hætta	0,0	0,6	443843,98	587218,34
9	13363	tóft		óþekkt	brunnhús	1800	1900	greinanleg		engin hætta	0,0	0,4	443821,81	587230,87
10	13364	jarðræktarsvæði		beðasléttur		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta	0,0	0,4	443839,17	587275,77
11	13365	tóft		stekkur		1700	1900	greinanleg		engin hætta	0,2	0,8	443585,76	587760,31
12	13366	tóft		óþekkt		1600	1900	greinanleg		engin hætta	0,2	0,5	443879,41	588019,05
13	13367	steinalögn	nátturumyndun?	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta	0,2	0,3	444316,03	587101,55
14	13368	niðurgröftur		mógröf		800	1900	ómetið		ómetið	0,0	0,0	443576,12	587338,87
15	13369	varða		landamerki		1800	1900	heillegar		engin hætta	0,8	1,1	444850,19	586836,04
16	13370	niðurgröftur		framræsla	skurður	1900	1950	greinanleg		engin hætta	0,0	0,2	443672,35	587398,86

Kjalarland hnitaskrá

Nr	Frvnr	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13371	dæld	híbýli		1800	1900	illgreinanlegt	sléttunar	engin hætta		0,2	0,0	442711,71	589201,99
2	13372	dæld	fjós		1800	1900	illgreinanlegt	sléttunar	engin hætta		0,2	0,0	442702,59	589196,97
3	13373	heimild	matjurtagarður		1800	1900	Sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442695,34	589176,55
4	13374	dæld	skemma		1800	1900	illgreinanlegt	sléttunar	engin hætta		0,2	0,0	442696,15	589206,15
5	13375	heimild	heimreið		800	1950	horfin	sléttunar			0,0	0,0	442689,44	589154,02
6	13376	garðlag	túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,8	442660,21	589384,90
7	13377	tóft	brunnhús		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	442585,43	589213,29
8	13378	heimild	fjárhús		800	1920	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	442683,18	589359,68
9	13379	heimild	fjárhús		800	1920	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	442733,48	589287,17
10	13380	heimild	hesthús		800	1920	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	442749,78	589320,62
11	13381	varða	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,7	442741,61	589521,99
12	13382	varða	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	443302,60	589588,05
13	13383	varða	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,4	443287,95	589461,49
14	13384	steinalögn	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	443225,91	589525,78
15	13385	niðurgröftur	mógröf		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	443483,15	589234,07
16	13386	púst	mótóft		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	443539,54	589267,78
17	13387	tóft	mótóft		1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,2	443547,68	589270,18
18	13388	hleðsla	óþekkt	varða	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	443018,92	588814,93
19	13389	hleðsla	óþekkt	varða	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	443069,42	588691,22
20	13390	tóft	sel		1600	1800	vel greinanleg		hætta	landbrot	0,3	0,5	443818,28	588060,94
21	13391	tóft	óþekkt		1600	1800	vel greinanleg		hætta	landbrot	0,2	0,3	443820,80	588062,51
22	13392	tóft	óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	443833,96	588058,40
23	13393	tóft	óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	443845,79	588060,66
24	13394	tóft	stekkur		1500	1800	vel greinanleg		hætta	landbrot	0,3	0,5	443822,49	588041,71
25	13395	tóft	kvíar		1500	1800	vel greinanleg		hætta	landbrot	0,2	0,6	443832,22	588038,35
26	13396	tóft	óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	444204,55	587891,51
27	13397	tóft	óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	444221,99	587883,18
28	13398	tóft	óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	444227,17	587877,25
29	13399	tóft	stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	442805,56	588540,47
30	13400	garðlag	óþekkt		800	1700	vel greinanleg		engin hætta		0,3	1,0	442804,59	588551,32
31	13401	tóft	stekkur		1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,8	442814,63	588525,57

Kjalarland hnitaskrá

Nr	Frvnr	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
32	13402	tóft	stekkur		1600	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442820,14	588511,66
33	13403	tóft	stekkur		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,6	442957,50	588273,62
34	13404	niðurgröftur	mógröf		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,6	442190,94	589291,73
35	13405	tóft	stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	441877,88	589005,93
36	13406	niðurgröftur	mógröf	torftöku- staður	1600	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	441905,68	588926,36
37	13407	tóft	óþekkt		1500	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0,2	0,5	441880,39	588897,48
38	13408	varða	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,4	442034,00	588691,57

Hafursstaðir - yfirlitsmynd

N



Kjalarland

33

32

11-13

17-19

14-15

20-22

16

Hafursstaðaa

60

61

58-59

62

Hafursstaðakot

57,63

56

7

Hafursstaðir

1-4

8

5

9

10

6

34

33

36

35

37

38

39

40

Hafursstaðavík



0

250

500

750

m

Minjar í landi Kjalarlands

Vindhæli

Hallá

N

11

12

14

13

6

8

10

9

Kjalarland

34

7

5

1-4

15

16-17

35

36

37

38

18

19

Brunná

30
29
31
32

27

28-31

Hafursstaðir

33

0 250 500 750 m

32

33

36

Kambakot

20-25

12

Brunná

26-28



Minjar í landi Kambakots

N



Kjalarland

Selhvammur

12

11

Brunnárdalur

16

14

7

5

10

1-4

9

8

Kambakot

6

13

Hafurstaðir

0

250

500

750

m

15



Minjar í landi Kjalarlands

Vindhæli

Hallá

N

Kjalarland

Hafursstaðir

Kambakot

Brunná

0 250 500 750 m

